FRÉTTABRÉF LANDSPÍTALA

# SPÍTALAPÚLSINN

NÓVEMBER 2025



Dauðhreinsideildin sinnir mikilvægu hlutverki í öryggi sjúklinga. Þangað koma flest verkfæri frá skurðstofum Landspítala og tryggir deildin að þau séu hrein, smurð, fullvirk og dauðhreinsuð áður en þau eru send til baka. Fleiri myndir úr starfsemi dauðhreinsideildarinnar eru inni í blaðinu.

## Stafvæðing þjónustunnar í forgangi



**Runólfur Pálsson**
Forstjóri Landspítala

Landspítali hefur lagt á það áherslu við stjórnvöld að gera þurfi stórátak á sviði stafvæðingar innan heilbrigðisþjónustunnar. Þótt stafræn þróun á Landspítala sé eftirtektarverð, eins og viðurkenning Ský sem útnefndi spítalann UT-fyrirtæki ársins 2023 er til marks um, þá hefur uppbygging stafrænna lausna í heilbrigðiskerfinu setið á hakanum mörg undanfarin ár. Aðgengi að upplýsingum í sjúkraskrá þjónustunotenda er enn slitrótt milli stofnana, lausnir sem hraða vinnu við klíníska skráningu og auka þannig skilvirkni starfsfólks skortir, fjarþjónusta hefur ekki þróast sem skyldi og öryggisþáttum er ábótavant. Enn fremur hefur tilkoma gervigreindar gerbreytt landslagi stafrænna lausna og skapað stóraukin tækifæri til að bæta gæði og skilvirkni heilbrigðisþjónustu. Það er brýnt að við nýtum þessi tækifæri til hins ýtrasta, enda standa vonir til að framfarir í stafrænni tækni geti mildað afleiðingar manneklu í röðum heilbrigðisstarfsfólks.

Það er löngu tímabært að ráðist verði í heildræna uppbyggingu stafvæðingar heilbrigðiskerfisins á Íslandi. Engum blöðum er um að fletta að slík nálgun er skynsamleg til að auka samræmingu og samþættingu innan kerfisins alls auk þess að vera þjónustunotendum til hagsbóta og starfsfólki til hægðarauka við úrlausn verkefna. Það er augljóst mál að greitt aðgengi starfsfólks að öllum heilbrigðisgögnum einstaklinga sem það sinnir hefur í för með sér aukin gæði þjónustu. Þá er öryggi upplýsingakerfa sífellt að verða veigameiri þáttur í heilbrigðisþjónustu þjóða því árásir á innviði heilbrigðiskerfa er raunveruleg ógn sem taka verður alvarlega og nauðsynlegt að tryggja að fullnægjandi varnir séu til staðar.

Stjórnvöld hafa nú tekið ákvörðun um aukna áherslu á þennan mikilvæga málaflokk með því að setja á laggirnar nýja einingu innan heilbrigðisráðuneytisins sem hlotið hefur heitið Stafræn heilsa. Ég fagna þessu framtaki sem forstjóri

*Framhald á næstu síðu.* ▶

stærstu heilbrigðisstofnunar landsins og hef væntingar til þess að á komandi árum verði stigin stór skref fram á við í þróun og innleiðingu stafrænna lausna innan heilbrigðisþjónustunnar. Auk sameiginlegra lausna á landsvísu verður að hyggja sérstaklega að þörfum Landspítala svo sjúkrahúsið nái að þróast sem skyldi.

Breytingum eins og þeim sem framundan eru fylgir ætíð ákveðin óvissa og því getur borið á óöryggi meðal starfsfólks spítalans. Heiti ég því að unnið verði af miklum heilindum við tilfærslu verkefna frá Landspítala til Stafrænnar heilsu og þar af leiðandi niðurlagningu ákveðinna starfa á spítalanum. Ég legg áherslu á að stutt verði dyggilega við starfsfólk á meðan breytingaskeiðið varir og vonast til að starfsfólk sýni þeirri óvissu sem fylgir hæfilega þolinmæði.

Þótt spennandi tímar fari í hönd er ekki hægt að horfa framhjá því að Landspítali stendur frammi fyrir stórum áskorunum líkt og svo oft áður. Sem fyrr háir skortur á legurýmum fyrir bráðveika okkur mjög og er það íþyngjandi bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk. Einnig er staða lækningatækja á spítalanum alvarlegri en nokkru sinni fyrr og má að hluta rekja það til ónógra fjárveitinga til tækjakaupa á liðnum árum og dráttar sem orðið hefur á byggingu meðferðarkjarnans við Hringbraut. Mörg mikilvæg tæki eru komin til ára sinna og því fylgir tíðar bilanir sem valdið geta þjónusturofi. Þessi staða hvílir þungt á mér og hef ég beitt öllum tiltækum ráðum til að vekja máls á stöðunni. Á komandi vikum verður frekari umræða um fjármögnun spítalans á Alþingi og treysti ég því að brugðist verði við þessari alvarlegu stöðu á viðeigandi hátt.

Ekki má gleyma að næstu vikur og mánuðir eru yfirleitt þeir erfiðustu í bráðaþjónustu spítalans vegna inflúensu og annarra veirusýkinga sem herja á okkur á þessum árstíma. Staða mönnunar í bráðaþjónustunni hefur þó sjaldan verið betri og ætti það að gera okkur betur í stakk búin til að takast á við þetta jafnan erfiða skeið. Mannauðurinn er okkar helsti styrkleiki og aukinn áhugi á krefjandi störfum innan spítalans er sannarlega gleðiefni.

# Í fréttum var þetta helst

*Samantekt á helstu fréttum í október þar sem spítalinn kom við sögu.*



**Ylfa Árnadóttir**
Samskiptateymi
Landspítala

## Bútasaumur og úrelt tæki

Ástæða er til að hafa áhyggjur af vanfjármögnun Landspítala, segir Runólfur Pálsson, forstjóri spítalans, í umsögn um fjárlagafrumvarp 2026. Landspítali þarf að mæta hagræðingarkröfu stjórnvalda um 725 milljónir á sama tíma og viðhald og tækjakaup hafi þurft að sitja á hakanum.

## Kvennaverkfall

Kvennaverkfall var 24. október. Ríflega 80% starfsfólks Landspítala eru konur. Ólafur G. Skúlason, framkvæmdastjóri hjúkrunar á spítalanum, sagði að reynt yrði að hleypa eins mörgum í burtu og hægt væri, án þess að það bitnaði á þjónustunni. Á Vökudeildinni fór engin kona í frí. Hinar #ómissandi konur Jóhanna Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur og Sigríður María Atladóttir deildarstjóri voru til viðtals.

## Álag á bráðamóttöku

Gríðarmikið álag var á deildum Landspítala sem bitnaði einna helst á bráðamóttökunni. Rafn Benediktsson, framkvæmdastjóri bráða-, lyflækninga- og endurhæfingar-þjónustu Landspítala, fór yfir gamalkunna fráflæðisvandann og of lítið húsnæði bráðamóttökunnar í útvarpsviðtali og sagði m.a. frá því að nýting á bráðamóttökunni fari stundum upp í 180-190%. Í öðru viðtali sagði Rafn að 78% þeirra sem lágu inni á bráðamóttöku einn októbermorguninn voru talin þurfa innlögn. Þá var sömuleiðis tekið viðtal við Mikael Smára Mikaelsson, yfirlækni á bráðamóttökunni um ástandið.

## Valtýr fékk Míuverðlaunin

Valtýr Stefánsson Thors, barnasmitsjúkdómalæknir á Barnaspítala Hringsins, hlaut Míuverðlaun góðgerðarfélagsins Mia Magic fyrir störf sín í þágu barna.

## Valtýr fékk líka aðra viðurkenningu

Þótt tæknilega séð eigi þetta yfirlit einungis að ná yfir fréttir frá október þá getur samskiptateymið ekki setið á sér að skjóta inn frétt sem birtist í nóvember þar sem fyrrnefndur Valtýr Stefánsson Thors kom einnig við sögu. Vísir birti lista yfir kynþokkafyllstu menn landsins og þar var okkar maður í góðra manna hópi. Samskiptateymið mun vinna hörðum höndum að því að koma öðru starfsfólki spítalans inn á samskonar lista í framtíðinni.

## Herjað á viðkvæm börn

Svokallaðir 764 hópar, sem herja á börn á samfélagsmiðlum og fá þau til ofbeldisverka, voru talsvert í umræðunni. Að sögn Guðlaugar Maríu Júlíusdóttur, deildarstjóra faghópa á BUGL, getur fólk sem tælir börn á netinu fengið þau til að gera nánast hvað sem er. Sífellt eru notaðar nýjar aðferðir til að ginna börnin.

## Laða lækna heim

Tíu manna sendinefnd íslenskra heilbrigðisyfirvalda ferðaðist um Skandinavíu með það fyrir augum að laða íslenska lækna aftur heim. Talið er að allt að átta hundruð íslenskir læknar starfi í útlöndum, flestir í Svíþjóð.

## Dýr starfsmannamál

Hið opinbera greiddi 118 milljónir kr. í bætur vegna sex starfsmannamála hjá Landspítala á árunum 2015-2024. Er um að ræða umtalsvert hærri upphæð en ríkið þurfti að greiða vegna mála hjá nokkurri annarri stofnun.

## Hálkuslys

Mikil hálka myndaðist á höfuðborgarsvæðinu á síðasta degi mánaðarins. Hjalti Már Björnsson, yfirlæknir á bráðamóttöku Landspítala, bað fólk um að fara varlega og búa sig vel – ekki vera á sumarskóm heldur draga fram mannbroddana.



Gjöfina afhentu Anna Blöndal, fjölumdæmisstjóri Lions á Íslandi, Laufey Jóhannsdóttir, sem situr í stjórn Heiðurssjóðs Guðrúnar Bjartar, og Hörður Sigurjónsson, formaður stjórnar sjóðsins.

# Fengu þyngingarábreiðu að gjöf

Legudeild geðrofssjúkdóma fékk nýverið þyngingarábreiðu að gjöf frá Heiðurssjóði Guðrúnar Bjartar, sem er sjóður innan Lions á Íslandi. Þyngingarábreiðan er sögð veita fólki öryggiskennd, halda utan um einstakling, auka líkamsvitund og skapa ró í líkamanum, ásamt því að bæta svefn. „Við erum afar þakklát og ánægð með þessa gjöf og teljum að þetta muni bæta þjónustuna okkar og auka meðferðarmöguleika fyrir einstaklinga með geðrofssjúkdóma og annan geðrænan vanda sem þurfa að leggjast inn á geðdeild," segir Guðfinna Betty Hilmarsdóttir, deildarstjóri á legudeild geðrofssjúkdóma. Að auki mun deildin fá að gjöf vatnshelt sængurver sem er mjúkt og þægilegt og er hægt að þvo við 90 gráður til að hindra sýkingaútbreiðslu.




Sendiherra Ítalíu gagnvart Íslandi, Stefano Nicoletti, og Isabella Rauti, fulltrúi utanríkisráðherra, afhentu Paolo orðuna við hátíðlega athöfn í HR þann 16. október.

## Dr. Paolo Gargiulo sæmdur riddaraorðu ítalska ríkisins

Paolo Gargiulo, forstöðumaður heilbrigðistækniseturs Landspítala og Háskólans í Reykjavík, hefur verið sæmdur einni æðstu viðurkenningu ítalska ríkisins fyrir framúrskarandi störf í heilbrigðisverkfræði og alþjóðlegu samstarfi milli Íslands og Ítalíu. Paolo hefur í mörg ár verið leiðandi í þróun og nýsköpun, meðal annars á sviði þrívíddarprentunar og heilbrigðistækni. Hann var útnefndur Ungur vísindamaður Landspítala árið 2013. Landspítali óskar Paolo innilega til hamingju með viðurkenninguna.

## Heilbrigðisstarfsfólk í afmælisblaði




Í tilefni af 30 ára afmæli CCU (Crohn's og Colitis Ulcerosa) samtakanna var gefið út sérstakt afmælisblað þar sem m.a. má finna þrjú áhugaverð viðtöl við starfsfólk á Landspítala: Önnu Soffíu Guðmundsdóttur, hjúkrunarfræðing í meltingarteymi á göngudeild 10E, Jóhönnu Guðrúnu Pálmadóttur, sérfræðing í næringar- og meltingarsjúkdómum barna, og Lóu Guðrúnu Davíðsdóttur, sérfræðing í meltingarlækningum.

Hægt er að skoða blaðið og lesa viðtölin hér.

# Næringarfræðingar Landspítala kynntu rannsóknarverkefni



**Áróra Rós Ingadóttir**
Deildarstjóri
næringastofu

Nýlega fór hópur næringarfræðinga frá næringarstofu Landspítala á evrópska ráðstefnu í klínískri næringarfræði (ESPEN Congress) sem haldin var í Prag. Ráðstefnan er ein sú stærsta sinnar tegundar í Evrópu.

Ferðin heppnaðist einstaklega vel og fékk hópurinn góða innsýn í nýjustu rannsóknir og þróun á sviði klínískrar næringarfræði. Á ráðstefnunni voru kynnt sex rannsóknarverkefni unnin af starfsmönnum og fyrrverandi nemum á næringarstofu Landspítala.

Hadda Margrét Haraldsdóttir kynnti verkefni sitt sem fjallaði um fæðutriggera og mígreni. Harpa Harðardóttir kynnti rannsókn sína um vannæringu hjá einstaklingum með heimahjúkrun og verkefni Agnesar Hrundar Guðbjartsdóttur fjallaði um næringarástand einstaklinga með lungnatrefjun.

Rannsóknir á gjörgæslusjúklingum voru áberandi á ráðstefnunni og átti næringarstofa þrjá fulltrúa með slíkar kynningar. Bjarki Þór Jónasson kynnti rannsókn sína á orkuþörf gjörgæslusjúklinga, Dögg Guðmundsdóttir fjallaði um næringarmeðferð sjúklinga eftir gjörgæslumeðferð og verkefni Elsu Katrínar Eiríksdóttur fjallaði um næringarinntöku á gjörgæslu og eftir útskrift.



Á myndinni má sjá þann hluta íslenska hópsins sem tók þátt í ESPEN-hlaupinu.

Ráðstefnan var ekki aðeins vettvangur fyrir endurmenntun heldur einnig tækifæri til að efla tengsl og samstöðu. Hluti hópsins tók þátt í ESPEN-hlaupinu sem er árlegur viðburður ráðstefnunnar.

Ferðin var bæði fræðandi og ánægjuleg og eru næringarfræðingar Landspítala stoltir af öflugu starfi sínu og framlagi til alþjóðlegs vísindasamfélags á sviði næringarfræða.

## Dagur næringar

Alþjóðlegur dagur næringar (NutritionDay) verður haldinn fimmtudaginn 13. nóvember.

Um er að ræða alþjóðlegt verkefni sem felur í sér eins dags stöðumat á næringarástandi og verkferlum sem tengjast næringu innan heilbrigðisstofnana og er framkvæmt sama dag um allan heim.

Dagurinn hefur verið haldinn árlega frá árinu 2005 og er markmiðið að berjast gegn vannæringu innan heilbrigðisstofnana.

Íslenskar heilbrigðisstofnanir hafa ekki tekið þátt áður en undirbúningsvinna hefur staðið yfir á næringarstofu Landspítala síðustu ár.

Þann 13. nóvember næstkomandi munu næringarfræðingar Landspítala ásamt nemum í klínískri næringarfræði við Háskóla Íslands fara á valdar legudeildir í Fossvogi og á Hringbraut og leggja fyrir spurningalista fyrir mismunandi hópa; stjórnendur, deildarstjóra, umönnunaraðila og inniliggjandi sjúklinga. Eftirfylgni eins og endurinnlagnir 30 dögum eftir stöðumatið verður einnig könnuð.




Vonumst við eftir ánægjulegu samstarfi og að tekið verði vel á móti næringarfræðingum og nemum á þessum degi.



# Góður gangur í framkvæmdum við Grensás



**Guðrún Bragadóttir**
Deildarstjóri á endurhæfingardeild

Framkvæmdir við nýbyggingu fyrir endurhæfingarstarfsemina við Grensás ganga mjög vel og eru jafnvel á undan áætlun. Gert er ráð fyrir verklokum í lok árs 2026 og flutningum í húsið á fyrri hluta ársins 2027.

Í byggingunni verður ný sjúkradeild með 19 einbýlum með salernum þar sem nútímakröfur eru allar uppfylltar. Á neðri hæðinni verður glæsileg og rúmgóð aðstaða fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun og þar verður nýr tækjabúnaður. Húsnæðið er hannað með hliðsjón af þörfum þjálfunar við endurhæfingu.

Veglegur matsalur verður fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk auk kaffihúss. Fallegur þjálfunargarður með gróðurhúsi verður í suðurátt þar sem hægt verður að njóta útiveru og þjálfunar samtímis.

## Mikil tilhlökkun hjá starfsfólki og sjúklingum

Húsið verður frábær viðbót við aðstöðu til þjálfunar. Sundlaugin hefur nú þegar verið gerð upp og er allt þar eins og best verður á kosið.


Mikil tilhlökkun ríkir hjá starfsfólki og sjúklingum eftir nýja húsnæðinu sem mun koma til viðbótar við rúmlega 50 ára gamalt húsnæði sem ekki var sérstaklega hannað með endurhæfingu í huga. Þar mun skapast aukið rými fyrir hluta starfseminnar, s.s. dag- og göngudeild, talþjálfun, sálfræðiþjónustu, félagsráðgjöf og fleira.

Hollvinir Grensáss hafa verið dyggir stuðningsaðilar við kaup á nýjum tækjabúnaði og fleiru fyrir Grensás. Einnig hafa hinir ýmsu einstaklingar og félagasamtök stutt myndarlega við bakið á starfseminni sem er ómetanlegt.




*Starfsfólk Grensásdeildar fékk á dögunum að skoða nýja húsnæðið í fyrsta sinn. Hér er hægt að sjá myndband úr heimsókninni.*






*Framhald á næstu síðu.* ▶





# Gæðastefna Landspítala hefur verið uppfærð og endurútgefin



**Kolbrún Gísladóttir**
Deildarstjóri á gæðadeild

Gæðastefna Landspítala markar sýn og gildismat spítalans til öryggis og gæða í þjónustu við sjúklinga. Stefnan byggir á sjö meginviddum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) þar sem lögð er áhersla á öryggi sjúklinga, tímanleika, skilvirkni, jafnræði, notendamiðaða þjónustu, árangursríka og samþætta heilbrigðisþjónustu.

Í stefnunni er lögð áhersla á öfluga og réttláta öryggismenningu þar sem starfsfólk og sjúklingar eru hvött til að ræða opinskátt um það sem úrskeiðis fer og taka virkan þátt í umbótum. Nýsköpun, samhæfing verklags og gagnreyndar aðferðir eru lykilatriði í að tryggja og bæta þjónustuna.

Gæðastefnunni er framfylgt með gagnreyndum aðferðum við áætlanagerð, gæðaeftirlit og umbótum sem fela í sér:

- ✓ **Fyrirbyggjandi áhættustjórnun**
- ✓ **Skráning atvika og lærdómur af mistökum**
- ✓ **Styrking þess sem vel gengur**
- ✓ **Þjálfun og eftirlit með hæfni starfsfólks**
- ✓ **Virk viðbrögð við ábendingum og endurgjöf**
- ✓ **Skjalfest verklag og fylgni við staðla**
- ✓ **Innri og ytri úttektir**
- ✓ **PDSA umbótahringurinn**
- ✓ **Gæðavísa og árangursmælikvarðar**
- ✓ **Alþjóðleg faggilding**

Stefnan styður við öfluga umbótamenningu og örugga þjónustu fyrir alla sjúklinga.

# Mótefnagjöf og Míuverðlaun

Mótefnagjöf gegn RS-veiru hófst á Landspítala í fyrsta sinn í október. Gjöfin fer fram á fæðingardeildinni og því eru börnin komin með mótefnið fyrir heimferð. RS-veiran kemur í faröldrum á hverju ári, yfirleitt frá nóvember og fram í mars, og leggst sérstaklega þungt á börn yngri en 6 mánaða.

Á Facebook-síðu Landspítala var birt viðtal við Valtý Stefánsson Thors, yfirlækni á Barnaspítala Hringsins, sem sagðist telja að mótefnið gæti fækkað innlögnum á Barnaspítala Hringsins um 40-50 á ári.

Viðtalið hlaut góðar undirtektir en komst þó ekki í hálfkvisti við þau viðbrögð sem önnur færsla tengd Valtý fékk hálfum mánuði áður. Þá var tilkynnt að hann hefði hlotið Míuverðlaun góðgerðarfélagsins Mia Magic fyrir störf sín í þágu barna og fyrir hæfni í fagmannlegum og mannlegum samskiptum við börn og aðstandendur þeirra.




Valtýr Stefánsson Thors hlaut Míuverðlaunin fyrir störf sín í þágu barna og fyrir hæfni í fagmannlegum og mannlegum samskiptum við börn og aðstandendur þeirra. Míuverðlaunin eru afhent árlega af góðgerðarfélaginu Mia Magic í því skyni að heiðra þau sem hafa komið að þjónustu við langveik börn og fjölskyldur þeirra með einum eða öðrum hætti. MYND: RAKEL ÓSK SIGURÐARDÓTTIR.



Hjúkrunarfræðingarnir Dagbjört H. Kristinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir útbjuggu bráðavagninn.

## Útbjuggu bráðavagn á B3

Fyrr á þessu ári var ráðist í að útbúa sérstakan bráðavagn á B3, göngudeild skurðlækninga í Fossvogi, en áður var bráðabúnaður staðsettur á a.m.k. þremur stöðum á deildinni. Nú er því allur bráðabúnaður kominn á einn stað þar sem allt er vandlega merkt og raðað. Þá var útbúið merki sem sýnir hvar á deildinni bráðabúnaðurinn er staðsettur.

Í framhaldinu voru skipulagðar æfingar á B3 fyrir starfsfólk í bráðum aðstæðum. Fyrri æfingin var í vor og sú seinni verður 12. nóvember. Mikil ánægja er með bráðavagninn á deildinni.

**STARFSMANNAMÁL**

## Jónas ráðinn yfirlæknir



Jónas A. Aðalsteinsson hefur tekið við stöðu prófessors við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknis húð- og kynsjúkdóma á Landspítala frá 1. september 2025. Jónas lauk kandídatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 2016 og doktorsprófi í læknavísindum frá sama skóla árið 2021. Hann sérhæfði sig í húðlækningum við University of Connecticut School of Medicine og jafnframt sérnámi í húðmeinafræði frá Mount Sinai í New York. Jónas starfaði áður sem lektor við University of Utah og síðar við Mount Sinai í New York, þar sem hann sérhæfði sig í greiningu og meðferð sóra, sóragigtar, pemphigoid og pemphigus. Hann situr í ritstjórnum Journal of the American Academy of Dermatology (JAAD) og JAAD Case Reports og er virkur meðlimur amerísku húðlæknasamtakanna (FAAD).

# Hálfar hnéprótesur í dagaðgerð
## – nýtt verklag á A5 dagdeild skurðlækninga



**Ásgeir Guðnason**
Sérfræðilæknir



**Edda Dröfn Daníelsdóttir**
Deildarstjóri

Í haust var innleidd ný tegund dagaðgerðar á A5 dagdeild skurðlækninga í Fossvogi: hálfar hnéprótesur framkvæmdar sem dagaðgerð. Í vor var þessi aðgerð gerð í fyrsta sinn sem tilraunarverkefni og heppnaðist það mjög vel. Í kjölfarið var ákveðið að halda áfram með fleiri sjúklinga, og niðurstöðurnar héldu áfram að lofa góðu. Því var tekin ákvörðun um að innleiða verklagið formlega og bjóða fleiri sjúklingum upp á þessa meðferð. Ásgeir Guðnason, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, er sá eini sem framkvæmir þessa tegund aðgerðar á spítalanum.

### Markmið og ávinningur

Markmið verkefnisins eru að minnka álag eftir skurðaðgerð, stytta legutíma, hraða bata og draga úr fylgikvillum. Einnig er lögð áhersla á að virkja sjúklinga og gera þá að virkum þátttakendum í eigin meðferð.

Ávinningur þessa verklags er margvíslegur:

- *Styttri legutími og hraðari bati*
- *Færri fylgikvillar og endurinnlagnir*
- *Betri líðan og endurheimt eftir aðgerð*
- *Aukið öryggi og ánægja sjúklinga*

Hálfar hnéprótesur í dagaðgerð henta sérstaklega vel fyrir A5 dagdeild, þar sem mikil þekking og reynsla er fyrir hendi á þessum sjúklingahópi. Aðgerðin fellur jafnframt vel að áherslum deildarinnar um dagdeildarstarfsemi og skilvirka nýtingu heilbrigðisauðlinda.

### Forsendur árangurs

Góður undirbúningur og skýrt skipulag eru lykilforsendur þess að hægt sé að



útskrifa sjúkling heim samdægurs. Jafnframt er samvinna allra sem koma að meðferð sjúklings mikilvæg, auk samræmdrar upplýsingamiðlunar. Allt starfsfólk þarf að ganga í sama takt, frá undirbúningi til útskriftar.

Ábending fyrir hálfa hnéprótesu er slit á innanverðu hné. Aldur sjúklinga skiptir minna máli en áður hefur verið talið, en aðrar ábendingar eru sambærilegar og fyrir heilar hnéprótesur.

### Undirbúningur fyrir aðgerð

Virkur þáttur sjúklings í undirbúningi er forsenda útskriftar heim sama dag. Sjúklingur þarf að:

- *Leysa út lyfseðil fyrir verkjalyf og blóðþynningarsprautur 1–2 dögum fyrir aðgerð*
- *Hafa meðferðis hækjur eða viðeigandi gönguhjálpartæki á spítalann*
- *Undirbúa heimferð samdægurs, t.d. með samgöngum og aðstoð heima*

Heilbrigðisstarfsfólk undirbýr einnig aðgerðina vel og tryggir að allir miðli samræmdum upplýsingum frá upphafi til enda. Slík samhæfing eykur öryggi og stuðlar að hnökralausu ferli.

### Útskrift og eftirfylgni

Áður en sjúklingur útskrifast heim meta sjúkraþjálfari, læknir og hjúkrunarfræðingur færni hans samkvæmt fyrirfram skilgreindum útskriftarviðmiðum. Sé allt í lagi fer fram útskriftarviðtal og sjúklingur fær endurkomutíma hjá sérfræðingi daginn eftir aðgerð.

Eftirfylgni fer fram með eftirfarandi hætti:

- ***Hjá sérfræðilækni** daginn eftir aðgerð á göngudeild skurðlækninga þar sem sjúklingur fer í röntgenmyndatöku.*
- ***Símaeftirfylgd** 2-5 dögum eftir útskrift.*
- ***Sáraeftirlit** eftir þrjár vikur á göngudeild bæklunarskurðlækninga.*
- ***Hjá sérfræðilækni** 6-8 vikum eftir aðgerð.*

Markviss eftirfylgni eykur öryggi og ánægju sjúklinga, gerir kleift að greina fylgikvilla tímanlega og styður við góðan bataferil utan spítala.

### Samantekt

Innleiðing hálfrar hnéprótesuaðgerðar sem dagaðgerð á A5 dagdeild hefur gengið afar vel. Með markvissum undirbúningi, góðu skipulagi og náinni samvinnu við sjúklinga hefur tekist að tryggja örugga útskrift heim samdægurs. Verkefnið hefur sýnt fram á styttri legutíma, færri fylgikvilla og meiri ánægju sjúklinga, auk betri nýtingar heilbrigðisþjónustunnar.



Linda Kristmundsdóttir, forstöðumaður Geðheilsumiðstöðvar barna, Dögg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnaþjónustu Landspítala, Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á Geðheilsumiðstöð barna, Solveig Sigurðardóttir, barnalæknir á Ráðgjafar- og greiningarstöð, og Bertrand Andre Marc Lauth, sérfræðilæknir á BUGL.

# Hefja samstarf um sérnám

Þann 5. nóvember sl. undirritaði Landspítali samstarfssamning við Ráðgjafar- og greiningarstöð (RGR) og Geðheilsumiðstöð barna (GMB) um samstarf vegna sérnáms í barna- og unglingageðlækningum. Þetta er liður í því að fjölga sérfræðilæknum í greininni og þannig styrkja stoðir barna- og unglingageðlækninga á Íslandi. Það er lykilskref í áttina að því að tryggja að öll börn fái réttmæta þjónustu á réttum tíma.

Hlutverk RGR er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaskerðingar sem leitt geta til fötlunar síðar á ævinni fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem bæta lífsgæði þeirra. GMB veitir 2. stigs heilbrigðisþjónustu á landsvísu fyrir börn að 18 ára aldri. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga. Barna- og unglingageðdeild Landspítala veitir 3. stigs heilbrigðisþjónustu vegna geð- og þroskaraskana barna og unglinga. Formlegt samstarf þessara þriggja aðila tryggir að sérfræðilæknar framtíðarinnar fái alhliða nálgun og þjálfun í þjónustu við börn sem þurfa á sértækari greiningu eða meðferð á vegum geðlækna að halda.

## Útskrifað úr sérnámi í klínískri lyfjafræði



**Freyja Jónsdóttir**
Doktor í klínískri lyfjafræði

Á dögunum útskrifaðist Sara Rut Pálsdóttir úr sérnámi í klínískri lyfjafræði. Námið er starfstengt framhaldsnám í nánu samstarfi Háskóla Íslands og Landspítala og fer að mestu fram á spítalanum.

Við útskriftina fluttu ávörp Freyja Jónsdóttir, kennslustjóri og dósent við HÍ, Arnþrúður Jónsdóttir, forstöðumaður lyfja- og næringarþjónustu, Ingibjörg Sigurðardóttir, aðstoðardeildarstjóri klínískrar lyfjaþjónustu, Helga Rut Steinsdóttir, fulltrúi leiðbeinanda, og Berglind Eva Benediktsdóttir, deildarforseti lyfjafræðideildar HÍ.

Markmið sérnámsins er að efla hæfni lyfjafræðinga til að stuðla að öruggri, árangursríkri og hagkvæmri lyfjanotkun í heilbrigðisþjónustu. Útskrifaðir sérfræðingar starfa nú meðal annars á Landspítala, heilsugæslum, hjúkrunarheimilum og apótekum.



Ingibjörg Sigurðardóttir, Berglind Eva Benediktsdóttir, Sara Rut Pálsdóttir, Freyja Jónsdóttir og Arnþrúður Jónsdóttir.

Við óskum Söru Rut innilega til hamingju með áfangann.

Á næsta ári verða tíu ár liðin frá innleiðingu sérnámsins í klínískri lyfjafræði, sem markar mikilvæg tímamót í þróun faggreinarinnar á Íslandi.



# 300 manns æfðu viðbrögð við flugslysi á Reykjavíkurflugvelli



**Kristín Erla Sigurðardóttir**
Aðstoðardeildarstjóri bráðamóttöku

Þann 4. október var haldin stór flugslysaæfing á Reykjavíkurflugvelli þar sem um 300 viðbragðsaðilar höfuðborgarsvæðisins æfðu saman viðbrögð við flugslysi. Við á bráðamóttöku Landspítala tókum þátt og tóku starfsmenn úr öllum stéttum á móti tæplega 30 sjúklingum af æfingunni. Æfð var virkjun viðbragðsáætlunar Landspítala, móttaka sjúklinga úr hópslysi, samskipti við aðrar sérgreinar og flæðisstjórnun í hópslysi. Farið var yfir þarfir á vörum og búnaði fyrir hópslys og prófaðar voru nýjar tæknilausnir við innskráningu sjúklinga úr hópslysi. Æfingin tókst í heildina einstaklega vel. Í lokin var svo leikurum úr æfingunni boðið inn á kaffistofu bráðamóttökunnar til að þiggja kakó og piparkökur.

Til viðbótar við starfsfólk bráðamóttöku tóku viðbragðsstjórn Landspítala, skurð- og gjörgæsluþjónusta og myndgreiningarþjónusta þátt á skrifborðsæfingum hér í húsi fyrir sín svið.

Á æfinguna á Reykjavíkurflugvelli sendum við einnig viðbragðssveitir Landspítala sem settu upp og stjórnuðu söfnunarsvæði slasaðra á slysstað. Viðbragðssveitir Landspítala samanstóðu af 26 sérhæfðum læknum og hjúkrunarfræðingum bráðamóttökunnar. Einnig buðum við sex hjúkrunarfræðingum frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og einum hjúkrunarfræðingi frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands að taka þátt.

Landspítali átti einnig fulltrúa í aðgerðarstjórn og samhæfingarstöð Almannavarna.

Myndirnar sem fylgja voru teknar af Ófeigi Lýðssyni hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.













WORLD MENTAL HEALTH - DAY -

# Alþjóðlegur dagur geðheilbrigðis

Þann 10. október síðastliðinn var alþjóðlegur dagur geðheilbrigðis. Dagurinn er helgaður því að auka vitund um geðheilbrigðismál og minna fólk á að heilsa snýst ekki aðeins um líkamlega heilsu, heldur líka geðheilsu.

Í tilefni dagsins birtu Halldóra Jónsdóttir forstöðulæknir, Halldóra Friðgerður Víðisdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur og Júlíana Guðrún Þórðardóttir forstöðufræðingur, allar starfandi á geðþjónustu Landspítala, grein á Vísi þar sem m.a. var farið yfir þær framfarir sem hafa orðið í geðþjónustu spítalans á undanförnum árum. Greinina má lesa hér.

## Fræða börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda

Geðræn veikindi geta haft mikil áhrif á líf og líðan þeirra sem standa næst sjúklingnum. Börn sem eiga foreldra sem glíma við geðræn veikindi geta t.a.m. orðið fyrir neikvæðum áhrifum, fái þau ekki viðeigandi stuðning. Okkar heimur er úrræði fyrir þessi börn og býður m.a. upp á fræðslu, stuðningshópa og fjölskyldusmiðjur.

Okkar heimur hefur verið í samstarfi við geðþjónustu Landspítala undanfarin



*Viðtal við Sigríði Gísladóttur, framkvæmdastjóra Okkar heims.*

ár og voru nýlega gerðir fjórir örþættir þar sem farið er í heimsókn á Hringbraut, Klepp og Laugarásinn og algengum spurningum barna er svarað. Hér má nálgast örþættina. Á alþjóðlegum degi geðheilbrigðis birtist á Facebook-síðu Landspítala myndband með viðtali við Sigríði Gísladóttur, framkvæmdastjóra Okkar heims.


## Varnarteymi bregst við erfiðum aðstæðum

Í geðþjónustu Landspítala er unnið daglega að því að efla öryggi, samvinnu og fagmennsku í þjónustu við fólk með geðraskanir. Í þjónustunni er starfandi varnarteymi sem þjálfar sig sérstaklega til að bregðast við erfiðum aðstæðum á geðdeildinni – með ró, virðingu og faglegum viðbrögðum. Í



*Kristófer og Guðfinna segja nánar frá varnarteymi geðheilbrigðisþjónustu.*

lok október var birt viðtal við Kristófer Kristófersson, hjúkrunarfræðing á geðgjörgæslu Landspítala, og Guðfinnu Betty Hilmarsdóttur, deildarstjóra á legudeild geðrofssjúkdóma Landspítala, á Facebook-síðu spítalans þar sem sem þau sögðu frá varnarteyminu.



*Á geðheilbrigðisdeginum tóku þær Þórunn Birna Jónsdóttir og María Mjöll Björnsdóttir, frá þunglyndis- og kvíðateymi Landspítala, yfir Instagram aðgang spítalans. Hafir þú áhuga á að kynna þína deild á Instagram er hægt að hafa samband:* ***samskiptateymi@landspitali.is***

# Ráðning forstöðulækna innan bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu

Í september sl. var auglýst laust til umsóknar starf forstöðulæknis innan bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu Landspítala.

Í starfinu felst ábyrgð á uppbyggingu, skipulagi og þróun innan sérgreina bráðalækninga og utanspítalaþjónustu, endurhæfingarlækninga, gigtlækninga, húð- og kynsjúkdómalækninga, innkirtlalækninga, lungna- og svefnlækninga, almennra lyflækninga, meltingarlækninga, nýrnalækninga, taugalækninga, smitsjúkdómalækninga og öldrunarlækninga auk transþjónustu. Sviðið er stærsta svið Landspítala og beinist starfið að forystu um þjónustu við sjúklinga og þróun lækninga ásamt samhæfingu við aðra starfsemi spítalans í samræmi við stefnu og starfsáætlun Landspítala.

## Breytingar á starfsemi framundan

Á komandi árum verða miklar breytingar í starfsemi spítalans, fyrst með tilkomu nýbyggingar við Grensás og í framhaldinu með flutningi í nýjan meðferðarkjarna við Hringbraut. Þessar breytingar munu hafa gríðarleg áhrif á starfsemi innan bráða-, lyflækninga og endurhæfingarþjónustu spítalans og umbylta stórum hluta þjónustu sviðsins. Er í því samhengi brýnt að haga undirbúningi á skilvirkan og samræmdan hátt þannig að skipulag þjónustunnar verði með fullnægjandi hætti. Í þessu samhengi er lögð rík áhersla á gagnamiðaða nálgun við ákvarðanatöku og samræmingu og samþættingu verklags þvert á einingar spítalans. Enn fremur er aukin áhersla lögð á forystu um uppbyggingu öryggismenningar, gæða- og umbótastarfs og annarra verkefna sem snúa að skilvirkni í þjónustu við sjúklinga.

## Tvö stöðugildi forstöðulæknis

Í ljósi umfangs þeirra verkefna sem heyra munu undir starf forstöðulæknis bráða-, lyf- og endurhæfingarþjónustu hefur verið tekin ákvörðun um að ráða

„Ég er afar þakklátur fyrir að fá að taka þátt í að móta starf okkar á sjúkrahúsinu, enda ljóst að fram undan eru auðvitað áskoranir en jafnframt mörg tækifæri."

*- Helgi Kristinn Sigmundsson*





„Það er mikill heiður að hafa verið valin til að sinna þessu starfi. Þær eru margar áskoranirnar en þeim fylgja tækifæri til að efla og byggja upp starfsemina til hagsbóta fyrir sjúklinga og samfélagið í heild."

*- Sigríður Þórdís Valtýsdóttir*

þá tvo einstaklinga sem sóttu um starfið tímabundið til eins árs í tvö stöðugildi forstöðulæknis. Hvor forstöðulæknir mun gegna 75% starfi auk 25% klínísks starfs.

Hefur framkvæmdastjóri bráða-, lyflækninga- og endurhæfingar þjónustu í samráði við forstjóra og framkvæmdastjóra lækninga ákveðið að ráða Helga Kristin Sigmundsson, núverandi yfirlækni meltingalækninga, og Sigríði Þórdísi Valtýsdóttur, núverandi yfirlækni almennra lyflækninga, í störf forstöðulækna bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu.

Helgi Kristinn Sigmundsson lauk kandídatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 1993, sérfræðinámi í lyflækningum frá University of Iowa árið 2001 og sérfræðinámi í meltingarlækningum frá Case Western Reserve University árið 2004. Helgi Kristinn var yfirlæknir á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða frá árinu 2004 til ársins 2013, meltingarlæknir á HIMG/St. Mary's Hospital and Clinics frá árinu 2013 til ársins 2023 og yfirlæknir meltingarlækninga á Landspítala frá árinu 2023.

Sigríður Þórdís Valtýsdóttir lauk kandídatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 1993, sérfræðinámi í lyflækningum frá Akademiska sjúkrahúsinu í Uppsölum árið 2000 og sérfræðiviðurkenningu í gigtlækningum árið 1999. Þá lauk hún doktorsprófið árið 2001 auk diplóma í opinberri stjórnsýslu árið 2013. Sigríður Þórdís gegndi starfi yfirlæknis á lyflækningadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands frá árinu 2008 til ársins 2014. Hún hefur gegnt starfi yfirlæknis almennra lyflækninga á Landspítala frá árinu 2015.



# Hermiþjálfun á heimavelli

Hjúkrunarfræðingar á gjörgæslunni í Fossvogi hafa staðið fyrir hermiþjálfun á deildinni í þónokkurn tíma og höfum við reglulega hermt endurlífgunartilfelli sem og önnur tilfelli sem tengjast starfsemi deildarinnar.

Stefnan er að fjölga æfingum og herma endurlífgun sem og önnur tilfelli og hafa sprottið upp margar góðar hugmyndir eftir endurlífgunartilfelli síðustu daga. Okkur þykir mikilvægt að æfa tilfellin á deildinni, í því umhverfi sem við erum vön að vinna í og nota þann búnað sem er til staðar með því markmiði að vera örugg í okkar umhverfi.

Við settum upp endurlífgunaræfingar í þrjá daga, mánudag, þriðjudag og miðvikudag og voru þrjú tilfelli á dag. Tilfellin voru byggð þannig upp að umhverfið og búnaður var vel kynntur, tilfelli keyrt á sem raunverulegasta hátt og svo voru teknar umræður í lokin. Námsmarkmið voru að æfa samskipti, æfa ABCDE nálgun og meðhöndla vandamál sem koma upp jafnóðum og æfa endurlífgunarferla.

Í þessari hermun vorum við meðal annars að æfa nýtt verklag varðandi Blóðsegarek til lungna og óstöðug lífsmörk - Segaleysandi meðferð í æð.

Hermunin var þverfagleg og tóku 53 þátt í æfingunum: læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, læknanemar, hjúkrunarnemar og ritari. Sendur var út spurningarlisti eftir hermunina sem sýndi fram á að allir töldu mikilvægt að herma endurlífgun á deildinni og mikil ánægja var meðal þátttakenda, einnig komu margar hugmyndir að fleiri hermunum og stefnum við á næstu keyrslu í janúar á næsta ári.

*Fyrir hönd E6*
*Anna Harðardóttir, Áslaug Nanna Ingvadóttir og Hrafnhildur Eyþórsdóttir*







# Vísindasjóður Landspítala



**Sigríður Bergþórsdóttir**
Verkefnastjóri
Vísindaráðs Landspítala

Eins og áður hefur komið fram er komin til framkvæmdar mikilvæg og stór breyting á innsendingu og umsýslu styrkumsókna til Vísindasjóðs Landspítala. Styrkirnir verða, eins og áður, afhentir á árlegri hátíð vísinda **„Vísindi á vordögum“** þann 9. apríl 2026. Þessi tilfærsla í tíma styttir eitthvað umsóknarfrestinn, en almennt eru umsóknir að skila sér í lok umsóknarfrests og með góðri kynningu og samtali við vísindamenn vonumst við til að fá mikinn fjölda sterkra umsókna inn. Samningur hefur verið gerður við RANNIS um umsýslu matsferlis og umsóknir skal senda inn rafrænt á slóðinni **rannis.is – Mínar síður – Umsóknir- Nýskráning – Vísindasjóður LSH.** Opnað hefur verið fyrir styrkumsóknir og er umsóknarfrestur er til og með 8. desember 2025.
Um þrenns konar styrki verður að ræða:

*a. Fimm hvatningarstyrkir allt að 6 mkr til þriggja ára (samtals 18 mkr)*

*b. 28 almennir styrkir, allt að 2 mkr til þriggja ára (samtals 6 mkr)*

*c. Fimm styrkir til ungra vísindamanna að upphæð 1,5 mkr til tveggja ára (3 mkr)*



Styrkumsjónakerfi Rannís var kynnt á dögunum. Helga Snævarr Kristjánsdóttir, fulltrúi Rannís, Ægir Þór Þórsson, fulltrúi Rannís og Siggeir Fannar Brynjólfsson, náttúrufræðingur á ónæmisfræðideild Landspítala.

Með þessum breytingum er stefnt á að styrkja vísindastarfið á spítalanum og ýta undir myndun rannsóknarhópa. Kosturinn við stóra þriggja ára styrki er sá að þá geta vísindamenn einbeitt sér að vísindastarfinu og hafa betra fjárhagslegt öryggi á meðan á vísindaverkefninu stendur. Þannig geta ábyrgðarmenn rannsóknar (PIs) ráðið til sín yngri samstarfsmenn eða doktorsnema og sett upp minni verkefni innan stórra rannsóknarverkefna. Þannig er gert ráð fyrir að stóru styrkirnir nýtist að nokkru til þjálfunar ungra vísindamanna.

## Ungir vísindamenn Landspítala

**Styrkafhending til ungra vísindamann Landspítala fer fram við hátíðlega athöfn þann10. desember nk, kl 12.00 á Hringsal. Dagskrá verður kynnt og send út þegar nær dregur athöfn og að sjálfsögðu hvetjum alla sem áhuga hafa á vísindum að gefa sér tíma, sýna stuðning og kynnast vísindamönnum framtíðarinnar.**

# **Vísindi á vordögum** - uppskeruhátíð vísinda á Landspítala

Vísindi á vordögum, árleg hátíð vísinda og vísindafólks á Landspítala verður haldin dagana 8. og 9. apríl 2026. Árið 2026 verður klárlega ár breytinga og nýtt og spennandi fyrirkomulag hátíðarinnar verður kynnt á næstu dögum og vikum. Landspítali og Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands ætla að sameina vísindaráðstefnur sínar í eina öfluga ráðstefnu sem mun miða að því að efla tengsl, samvinnu og sýnileika vísinda. Vísindahátíðin heldur enn sínu upprunalegu heiti og verður áfram **Vísindi á vordögum.** Á ráðstefnunni koma saman vísindamenn, sérfræðingar, kennarar, nemendur, fulltrúar fyrirtækja og áhugasamur almenningur til að kynna og ræða nýjustu rannsóknir og þróun í líf- og heilbrigðisvísindum á Íslandi.

**Opnað hefur verið fyrir móttöku ágripa og öll sem stunda rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum eru hvött til að senda inn ágrip.** Með innsendingu Ágripa gerum við vísindi á Landspítala sýnilegri öðrum vísindamönnum, samstarfsfélögum og almenningi. Ágripin munu öll fara í yfirlestur hjá vísindanefnd ráðstefnunnar og samþykkt ágrip verða birt á heimasíðu ráðstefnunnar.

Ágripin eru send inn um styrkumsóknarkerfi Landspítala en slóð fyrir innsendingu ágripa má einnig finna hér.

# Meðhöndlun beinbrota

Fyrir skömmu sótti starfsfólk bráðamóttöku Landspítala námskeiðið Casted í því skyni að bæta þjónustu við fólk með beinbrot. Á verklega hluta námskeiðsins var meðal annars kennt hvernig best sé að meðhöndla beinbrot og búa um þau með gifsi, og með því koma mögulega í veg fyrir að sjúklingurinn þurfi að fara í aðgerð síðar meir. Í þessu myndbandi er rætt við Rosemary Jones, sérfræðing í bráðalækningum á Landspítala, og Arun Sayal, sérfræðing í bráðalækningum og höfund námskeiðsins en hann hefur haldið það um 700 hundruð sinnum víða um heim.




















# Öryggi sjúklinga og öryggismenning



**Kári Hreinsson**
Forstöðulæknir Svæfinga- og gjörgæslulækninga

Öryggi er eitt af grunngildum Landspítala. Öryggismenning hefur afgerandi þýðingu fyrir það hversu örugg þjónustan sem veita á verður og hversu mikils trausts hún nýtur. Sir Liam Donaldson, fyrrverandi landlæknir Bretlands hefur sagt að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd að það sé óhjákvæmilegt að atvik eða óhöpp verði við veitingu jafn flókinnar heilbrigðisþjónustu og raunin er í dag. Ákveðin röð atburða þarf að verða frá því að atvik verður þar til afleiðingar þess ná fram til sjúklings og valda skaða. Þetta er nefnt óhappaferill eða atvikaferill (e. accident trajectory). Framfarir í öryggisfræðum í heilbrigðisþjónustu og ekki síður þekking frá svokallaðri hááreiðanlegri starfsemi (high reliability organisations, HRO) í greinum eins og farþegaflugi og rekstri kjarnorkuvera hafa fært okkur ýmsar varúðarráðstafanir. Það er gagnlegt að hugsa um þessar varúðarráðstafanir sem öryggishlið. Atvik þarf oft að fara í gegnum nokkur opin öryggishlið áður en það nær til sjúklings og veldur tjóni. Öryggishlið eru til dæmis verklagsreglur, veggspjöld með öryggisleiðbeiningum, gátlistar og kröfur um sérstaka menntun og endurmenntun. Gott skipulag vinnustaðarins, heilbrigt vinnuumhverfi og vandlega skrifaðir verkferlar eru meðal þeirra atriða sem skapa starfsumhverfið okkar eða kerfið sem við vinnum í. Einhverjir kannast við líkan svissneska ostsins sem James Reason fyrrverandi prófessor í sálfræði við Manchester háskóla í Bretlandi setti fram. Það útskýrir á myndrænan hátt hugmyndirnar um öryggishliðin. Hann notaði ostsneiðar til þess að sýna fram á að við sérstaka óheppni eða vanhugsaða uppröðun (léleg kerfi eða ferlar) geta ostsneiðar raðast þannig að bein leið opnist í gegnum götin í ostneiðunum og á sama hátt geta öryggishliðin öll verið opin.

Það er ekki hægt að ræða öryggi og öryggismenningu án þess að nefna stuttlega kenningar um tilurð atvika og hvernig við bregðumst við þeim. Það er annars vegar talað um persónunálgunina (person approach) og hins vegar um kerfisnálgunina (system approach). Persónunálgunin er eldri og því miður sérlega lífsseig. Hún byggir á þeirri kenningu að orsök atvika og óhappa sé alltaf löstum okkar mannfólksins að kenna. Orsakirnar séu gleymska, athyglisskortur, kæruleysi, áhugaleysi og vanræksla. Kerfislæga nálgunin sér fyrir og reiknar með göllum okkar og lítur á atvik og óhöpp frekar sem afleiðingu af illa hönnuðu kerfi sem enn hefur ekki séð fyrir alla möguleika á atvikum. Þá er það einnig viðtekin vitneskja að það er erfitt að breyta fólki. Þessi nálgun er skynsamlegri og byggir á því að orsakir atvika og óhappa sé að finna í skipulagi, vinnuferlum, vinnuaðstæðum, hönnun tækja og svo framvegis. Umbótamöguleikarnar byggja á því að þó að við getum ekki breytt fólki þá getum við breytt aðstæðunum sem það vinnur við og þannig bætt öryggi. Niall Downey er læknir sem skipti um starfsvettvang og er í dag flugstjóri hjá stóru flugfélagi. Eftir að hafa kynnst öryggismenningu nútíma farþegaflugs sá hann að mikið verk var enn að vinna í heilbrigðiskerfinu. Hann skrifaði nýlega bók um öryggi ( Oops, why things go wrong) í mismunandi starfsgreinum með höfuðáherslu á heilbrigðiskerfið og hvað við getum lært af þeim öryggisframförum sem orðið hafa á síðustu áratugum í farþegaflugi og öðrum hááreiðanlegum starfsgreinum. Hann bendir meðal annars á þá staðreynd taugavísindanna


*Framhald á næstu síðu.* ▶



Auður Ævarsdóttir, talmeinafræðingur.

## Fagmennska

Fyrir mér felst fagmennska í því að bera virðingu fyrir starfinu, skjólstæðingunum og samstarfsfólki. Fagmennska felst ekki einungis í gjörðum okkar heldur einnig í viðhorfi og samskiptum. Fagmennska birtist í heiðarleika og viðleitni til að gera okkar besta, líka þegar enginn er að horfa. Fagmennska í starfi felur í sér vilja til að læra, vaxa og bæta þekkingu sem og að miðla henni áfram. Hún felur í sér að taka ábyrgð á gjörðum sínum og sýna vilja til bætingar. Fagleg vinnubrögð snúa að trúnaði við skjólstæðinga sem og virðingu fyrir skoðunum og réttindum annarra og ekki síst að virða mörkin á milli vinnu og einkalífs.




**Líkan svissneska ostsins.** (Donaldson L, et al., editors, Textbook of Patient Safety and Clinical Risk Management; Springer, 2021).

▶ að mannsheilinn hafi ekki þróast jafn hratt og sú krefjandi tækni sem ætlast er til að við höfum á valdi okkar og getum notað t.d. í nútíma heilbrigðisþjónustu. Í þessu samhengi leggur hann áherslu á mikilvægi gátlista, öryggisveggspjalda og góðra samskipta til að létta okkur líf og vinnu, sérstaklega þegar við erum undir álagi. Hann líkir þessu við að við reynum að fóta okkur í tækniframþróun sem bara verður hraðari og hraðari en treystum enn á hugbúnað hellisbúans (e. caveman software). Þetta styður svo sannarlega

*„Stutta útgáfan af áhættustjórnun er: hvar og/eða hvernig getur þetta farið úrskeiðis og hvernig bregðumst við við því. “*

við að nota kerfislægu nálgunina þegar við vinnum að öryggisumbótum. Það þarf varla að taka það fram að atvik sem við náum ekki að grípa og rjúfa þannig atvikaferilinn, geta haft mikil og óafturkræf áhrif á heilsu sjúklings og í versta falli kostað hann lífið. Þá hafa alvarleg atvik gríðarlega mikil áhrif á aðstandendur sjúklingsins og heilbrigðisstarfsfólkið sem að þeim kemur. Oft er talað um heilbrigðisstarfsmanninn sem annað fórnarlambið (e. second victim) þegar hugað er að áhrifum atvika á starfsfólk. Við munum nú fjalla nánar um öryggismenningu og grunnstoðir hennar.

## Hvað er öryggismenning?

Eftirfarandi skilgreining á öryggismenningu er fengin úr skýrslu starfshóps um alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu sem gefin var út af Velferðarráðuneytinu árið 2015. „Öryggismenning felur í sér sameiginleg gildi og viðhorf, sem ásamt skipulagi og stjórnun stofnunar, leiða til ákveðins vinnulags og hegðunarmynsturs varðandi öryggismál. Góð öryggismenning er fyrir hendi þar sem öryggi sjúklinga er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin öllu því sem gert er. Slík öryggismenning einkennist einna helst af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsfólks og sjúklinga“ (Velferðarráðuneytið 2015). Grunnstoðir öryggismenningar eru atvikaskráning, samskipti, samstarf og síðast en ekki síst forysta og skuldbinding heilbrigðisstofnana við að tryggja öryggi.

## Hvernig bætum við öryggi sjúklinga og starfsfólks á Landspítala?

Áhættustjórnun (áhættustýring) er kerfisbundin leit að áhættuþáttum innan starfsemi og aðgerðir til að koma í veg fyrir eða lágmarka það tjón sem af þessum áhættuþáttum getur hlotist. Stutta útgáfan af áhættustjórnun er: hvar og/eða hvernig getur þetta farið úrskeiðis og hvernig bregðumst við við því. Það sem kallað hefur verið ástandsvitund (e. situational awareness) er dæmi um virka áhættustjórnun. Ástæða sárafárra alvarlegra atvika í hááreiðanlegri starfsemi eins og t.d. farþegaflugi, flugumferðarstjórn og kjarnorkuverum má rekja til þessa vinnulags, það er að segja stöðugrar vöktunar og vitundar um það sem mögulega getur farið úrskeiðis.

## Atvikaskráning og greining atvika og óhappa

Það er oft talað um að 10 – 12% sjúklinga verði fyrir atviki eða óhappi í sjúkrahúslegu sinni og að allt að helming þeirra sé hægt að koma í veg fyrir. Þá er talið að allt að 5 – 7% sjúklinga verði fyrir alvarlegum atvikum. Tölur um atvik og skiptingu þeirra eftir alvarleika eru mismunandi milli rannsókna vegna mismunandi skilgreininga á alvarleika og mismunandi sjúklingahópa. Árið 2024 voru skráð 5695 atvik á Landspítala. Það voru rúmlega 26 þúsund innlagnir árið 2024 með 5423 skráð atvik eða 20,3% sem líklega er ofmat. Einungis 4,8% skráðra atvika eða 272 eru skráð í dag- og göngudeildarþjónustu. Það er vanmat því hluti þeirra skráist á legudeildir viðkomandi lækna. Atvik sem flokkuð voru sem alvarleg voru aðeins 13 og það er nokkru lægra en reikna mætti með, líklega vegna rangskráningar eða rangrar flokkunar.

Það er ekki hægt að leggja of mikla

*Framhald á næstu síðu.* ▶

áherslu á mikilvægi og verðmæti ítarlegrar atvikaskráningar. En skyldu vera einhver ljón í veginum þegar kemur að því að skrifa greinargóða lýsingu á atviki? Já, fjölmörg raunar og því fleiri sem öryggismenning vinnustaðar er lélegri. Nokkur atriði einkenna góða atvikaskráningarmenningu (e. incident reporting culture). Mikilvægt upphafsskref er að sætta sig við þá staðreynd að atvik verða, við getum aldrei komið í veg fyrir það að fullu. Það er af flestum ekki talin heillavænleg stefna m.t.t. sjúklingaöryggis að stefna að því að koma algjörlega í veg fyrir atvik. Slík stefna leiðir m.a. annars til þess að atvikaskráningum fækkar og fólk fer að hylma yfir atvik. Annað lykilatriði er að hafa auðmýkt til að viðurkenna að okkur hafi yfirsést eitthvað eða brugðist bogalistin. Það kemur fyrir okkur öll einhvern tímann á starfsferlinum að gera einhver mistök, jafnvel við eitthvað sem við höfum gert mörg hundruð eða mörg þúsund sinnum á réttan hátt. Það bendir sterklega til kerfislægs þáttar sem við höfum e.t.v. ekki enn fundið og/eða lagfært. Það sem við þurfum að einblína á þegar atvik koma upp er hvernig við getum gripið inn í atvikaferlið, gripið atvikið, áður en það veldur sjúklingi skaða. Við rannsókn atvika eða óhappa er mikilvægt að spurningin sé ávallt „Hvað fór úrskeiðis?“ en ekki „Hver gerði þessi mistök? Þriðja atriðið er endurgjöf til starfsfólks. Endurgjöf er órjúfanlegur hluti þess að loka atvikaskráningarhringnum. Verði engin endurgjöf minnkar áhugi starfsfólks á því að skrá atvik. Góð endurgjöf til starfsfólks styrkir öryggismenningu verulega.



Raphael L.J. Leroux, yfirsjúkraþjálfari á Landakoti

## Umhyggja

Sjúklingur sem er lagður inn á sjúkrahús er viðkvæmur einstaklingur. Þetta getur stafað af mörgum ástæðum, eins og áföllum, skurðaðgerðum, veikindum og svo framvegis. Á minni deild er þetta oftast samspil þessara þátta. Í þeirri umönnun sem ég veiti er að sjálfsögðu greining á líkamlegu ástandi sjúklingsins, en einnig mat á andlegu og tilfinningalegu ástandi hans. Ég legg mig fram um að hlusta á þá og byggja upp traust þeirra, en skuldbind mig jafnframt til að finna leiðir til að bæta ástand þeirra, sem getur tekið tíma. Mér finnst mikilvægt að koma fram við sjúklinginn með virðingu og umhyggju, styðja hann eftir getu hans og hvetja hann til að endurheimta sjálfstæði sitt og sjálfstraust.

### Öryggi I og Öryggi II aðferðafræðin

Vel skrifuð atvikaskráning er grundvöllur þess að hægt sé að fara yfir hvað fór úrskeiðis og hvers vegna. Það að draga lærdóm af óhöppum með rannsókn þeirra var lengi meginuppistaða þess hvað við lærðum og sú nálgun að rannsaka atvik í þaula hefur verið kallað öryggi I (safety I). Nú um nokkurra ára skeið hefur ný nálgun verið að ryðja sér til rúms og er hún kölluð öryggi II (safety II). Öryggi II gengur út á það að rýna allt skipulag og alla ferla í starfsemi sem gengur vel og læra þannig af þeim bestu. Við getum sem dæmi lært af hááreiðanlegri starfsemi sem við höfum nefnt áður. Öryggi I og II þurfa að fara saman til þess að við náum hámarksárangri í öryggisumbótum. Deildarstjórar hjúkrunar, yfirlæknar sérgreina og forstöðufólk eininga fara yfir meginþorra atvikaskráninga en alvarlegri atvik eru oft tekin til svokallaðrar innri endurskoðunar sem felst í ítarlegri rannsókn t.d. með viðtölum við starfsfólk og rannsóknum á tækjum. Ég ætla að enda umræðuna um atvikaskráningar og úrvinnslu atvika með því að minnast aðeins á mikilvægi réttlætismenningar (e. just culture) þegar við rannsökum og fjöllum um niðurstöður rannsókna á atvikum og óhöppum. Ef við stöndum okkur vel í að skrá og greina orsakir atvika en nýtum síðan niðurstöðurnar á óvæginn hátt gagnvart einstaklingum þá er öll vinna að góðri öryggismenningu unnin fyrir gýg. Það að hafa hagsmuni heildarinnar í huga umfram það að áfellast einstaklinga (e. shame and blame) skilar okkur miklu meiri árangri á öryggisvegferðinni.

### Samskipti og samstarf

Samskipti eru líklega mikilvægasta grunnstoð góðrar öryggismenningar. Góð samskipti eru undirstaða góðs samstarfs þvert á starfstéttir, deildir og svið. Góð samskipti við sjúkling og aðstandendur hans auka möguleikana á þátttöku þeirra í meðferðinni sem leiðir til þess að öryggi hennar eykst. Vel upplýstur sjúklingur fylgist með eigin meðferð og spyr spurninga þegar eitthvað kemur honum á óvart. Ein áhrifaríkasta leiðin til góðra samskipta er að einsetja sér það að sýna öðru fólki góðvild í öllum samskiptum. Við þekkjum öll bæði góð samskipti og slæm. Þegar við eigum góð samskipti við fólk líður okkur vel og flestum líður okkur illa þegar við höfum átt slæm samskipti við fólk. Við byggjum ekki upp farsælt og traust samstarf við fólk nema gegnum vinsamleg og góð samskipti. En hvað einkennir góð samskipti m.t.t. öryggis sérstaklega? Aðalatriðið er að starfsfólk finni til þess öryggis gagnvart samstarfsfólki sínu og stjórnendum að það sé ávallt reiðubúið að láta vita ef það heldur að atvik sé í uppsiglingu eða hafi þegar orðið. Þetta er kallað sálrænt öryggi (psychological safety) og það ætti að vera kappsmál allra stjórnenda að auka sálrænt öryggi síns starfsfólks. Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal forstöðuhjúkrunarfræðingur kvenna- og barnaþjónustu mun skrifa sérstakan pistil um sálrænt öryggi í Spítalapúlsinn.



Adeline Tracz, verkfræðingur hjá Stafrænni framþróun.

## Framþróun

Framþróun, fyrir mér, er fyrst og fremst hugarfar – löngun til að leita stöðugra umbóta, nýta kraft tækninnar og verðmæti gagna og feta ótroðnar slóðir sem ný þekking á sviði tölvunarfræði og verkfræði opnar fyrir okkur. Hún krefst einnig hugrekkis til að efast, endurmeta og læra af reynslunni – með það að leiðarljósi að betrumbæta meðferðarmöguleika sjúklinga. Framþróun verður áþreifanleg þegar nýjar og uppfærðar stafrænar lausnir taka á sig mynd með Heilsugátt, Landspítalaapp, Starfsmannaapp, Stoðgátt, Vörð svo dæmin séu tekin. Sem teymisstjóri Nýþróunar sé ég framþróun sem afl sem sameinar okkur og knýr áfram útfærslu tæknilausna framtíðarinnar.

# Sálrænt öryggi starfsfólks

## - forsenda farsællar heilbrigðisþjónustu



**Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal**
Forstöðuhjúkrunarfræðingur



Okkur á Landspítala greinir á um margt. Eitt erum við öll þó sammála um: Við erum saman komin til að veita og þróa góða og örugga heilbrigðisþjónustu. Til viðbótar vitum við að sjúkrahúsþjónusta grundvallast á teymisvinnu. Þau sem þarfnast þjónustu Landspítala þarfnast samhæfðs vinnuframlags frá ólíkum fagstéttum. Sameiginlegur tilgangur okkar er skýr.

Það telst orðið til almennrar þekkingar að sálrænt öryggi (psychological safety) starfsfólks er ein af forsendum farsællar heilbrigðisþjónustu. Sálrænt öryggi er menning samskipta og hegðunar á vinnustað. Menning sálræns öryggis felur í sér að við skuldbindumst til að hegða okkur á ákveðinn hátt þannig að það krefjist ekki hugrekkis af samstarfsfólki að vera ósammála okkur, biðja um aðstoð eða taka frumkvæði. Á vinnustöðum þar sem sálrænt öryggi er til staðar erum við örugg um að okkur verður ekki refsað fyrir að spyrja spurninga, tjá okkur um umdeild málefni, viðurkenna veikleika, benda á mistök eða deila hugmyndum. Sálrænt öryggi gerir okkur kleift að læra af mistökum og byggir undir öryggi sjúklinga og starfsfólks, fækkar alvarlegum atvikum og kvörtunum. Sálrænt öryggi er hornsteinn öryggismenningar og undirstaða teymisvinnu, framþróunar, nýsköpunar og árangurs.

### Virðum samskiptareglur

Það er mikilvægt að halda til haga að sálrænt öryggi snýst ekki um að horft sé fram hjá frammistöðu eða sneitt hjá erfiðum samtölum í þágu stundarþæginda. Fremur snýst það um aga í samskiptum þannig að skarpur fókus á sameiginlegan tilgang starfa truflist ekki. Í öguðu og heilnæmu starfsumhverfi erum við betur í stakk búin fyrir rýni til gagns og samtöl sem reyna á því við virðum samskiptareglur og stefnum öll að sama marki.

Við þurfum ekki að láta okkur bregða þó það hugnist ekki öllum að vinna á Landspítala. Í heilbrigðisþjónustu meðhöndlum við verðmætasta varninginn af öllum – heilsu fólks. Okkur á Landspítala er jafnframt falin flóknasta heilbrigðisþjónustan á landinu. Aðflæði brýnna verkefna er nánast ógerlegt að stýra og störfum okkar fylgir nálægð við andlegan og líkamlegan sársauka. Framan talið getur útsett okkur sjálf fyrir streitu sem aftur getur dregið úr gæðum samskipta fagfólks í milli.

Flest vita að samskiptamenningu sem leyfir ókurteisi eða niðurlægjandi framkomu fylgir minnkuð starfsánægju, aukin starfsmannavelta, auknar fjarvistir og afleitt orðspor. Öllu nýrri þekking er hvernig neikvæðir samskiptahættir hafa bein og afgerandi neikvæð áhrif á hugarstarf þekkingarstarfsfólks þannig að frammistaða og afköst dala og hve lítið þarf í raun af slæmum samskiptum til að verka sem álagsvaldur og eyðileggjandi afl.

### Skuldbinding frá okkur öllum

Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er kveðið skýrt á um að okkur beri að rækja starf okkar af alúð og samviskusemi í hvívetna, að við skulum gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni. Þegar laus störf á Landspítala eru auglýst er bersýnilegt að við leitum eingöngu eftir fólki með framúrskarandi færni í samskiptum og teymisvinnu enda eru samskipti í heilbrigðisþjónustu öryggismál.

Það eru sóknarfæri á Landspítala í stuðningi við örugg samskipti, sem nú þegar blómstra á mörgum einingum spítalans, og markvissri uppbyggingu þar sem sálrænt öryggi skortir. Framganga leiðtoga vegur þungt en alvöru öryggismenning felur í sér skuldbindingu af hálfu okkar allra. Þar sem við vitum nú að gæði samskipta hafa bein áhrif á öryggi og gæði þjónustu hlýtur markmiðið að vera að gera þau sem best á vinnustaðnum okkar. Ekki satt?

Hvert og eitt okkar getur lagt af mörkum í þágu sálræns öryggis á Landspítala. Til dæmis með því að:

- *Fylgja Samskiptasáttmála Landspítala*
- *Gefa hvert öðru heiðarlega endurgjöf á mildan hátt*
- *Skuldbinda okkur sjálf til að taka endurgjöf vel*
- *Biðjast afsökunar þegar okkur verður á í samskiptum*
- *Styðja hvert annað til heilbrigðra samskipta*
- *Muna hver er sameiginlegur tilgangur okkar*



# DAUÐHREINSUN
## – Mikilvægt hlutverk í öryggi sjúklinga



**Anna Huld Jóhannsdóttir**
Deildarstjóri á dauðhreinsun

Á dauðhreinsideild á Tunguhálsi 2 starfa 18 starfsmenn sem búa yfir mikilli þekkingu og reynslu. Í starfsemi deildarinnar er lögð áhersla á fagleg og nákvæm vinnubrögð. Margir starfsmenn hafa lokið sérhæfðu námi í sótthreinsitækni.

Deildin sinnir mikilvægu hlutverki í öryggi sjúklinga sem fara í aðgerðir eða fá meðferð þar sem notaður er margnota búnaður. Tryggt er að öll verkfæri og búnaður séu hrein, smurð, fullvirk og dauðhreinsuð áður en þau eru send áfram. Verkfærabakkar eru útbúnir samkvæmt bakkalista og verkfærum er raðað þannig að skurðhjúkrunarfræðingar geti auðveldlega talið og fundið þau við aðgerð.

Flest verkfæri frá skurðstofunum koma til okkar í vinnslu. Deildin þjónustar einnig aðrar deildir spítalans auk aðila utan hans, svo sem apótek, hjúkrunarheimili og heilsugæslur.



### Dauðhreinsun og gæðastýring

Við notum þrjár tegundir autoclava. Allir ofnarnir fara í gegnum daglegt öryggispróf til að tryggja rétta virkni.

Til dæmis er gufu-autoclavinn prófaður á hverjum morgni með Bowie-Dick-prófi.

Að prófun lokinni er skráð að hann hafi staðist prófið og eru verkfæri síðan keyrð í gegnum autoclava. Með hverri keyrslu fylgir rauður prófhólkur sem lesinn er eftir vinnslu til að staðfesta að keyrslan hafi verið fullnægjandi.

Þetta verklag tryggir að gæðakröfur og öryggi séu ávallt uppfyllt áður en verkfæri eru send aftur til notkunar.

### Framleiðsla og pökkun

Auk verkfærameðhöndlunar framleiðir deildin dauðhreinsaðan margnota búnað, svo sem lín, brunagrisjur og ýmsan annan varning. Einnig er hægt að útbúa sérsniðna bakka, t.d. þvagtökubakka. Þessi starfsemi hefur þó farið minnkandi með aukinni kaupnotkun tilbúins varnings hjá birgjum.






# Verkefni um tilkynningu aukastarfs



**Anna S. Aðils Guðfinnsdóttir**
Miðlægur verkefnastjóri

Frá setningu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins árið 1996 hefur verið fjallað um skyldur opinbers starfsfólks til að tilkynna þeirri stofnun sem þeir starfa hjá um önnur launuð störf sem þau sinna. Þannig ber starfsfólki sem hyggst taka við launuðu starfi samhliða starfi sínu á Landspítala að tilkynna yfirmanni sínum um starfið. Hefur vinnulag við slíkar tilkynningar hingað til ekki verið staðlað og þar af leiðandi hætta á að samræmis sé ekki gætt með fullnægjandi hætti í afgreiðslu slíkra tilkynninga. Var því sett á stofn miðlægt verkefni sem ætlað er að tryggja samræmda afgreiðslu tilkynninga um aukastörf. Markmiðið með verkefninu er að gera starfsfólki kleift að senda tilkynningu um aukastarf á einfaldan máta og gera yfirmanni, og eftir atvikum matsnefnd, kleift að meta tilkynningar og afgreiða á samræmdan og staðlaðan hátt. Mat byggir fyrst og fremst á því




Skjámynd af tilkynningarforminu.

hvort aukastarf sem tilkynnt er teljist samrýmanlegt starfi viðkomandi á Landspítala.

Til að hægt sé að meta hvort viðkomandi aukastarf sé ósamrýmanlegt starfi á Landspítala er tekin afstaða til mögulegra hagsmunaárekstra. Aukastörf geta m.a. verið launað starf í þjónustu annars aðila, seta í stjórn atvinnufyrirtækis eða eigin rekstur. Enn fremur verða gefnar út ítarlegar leiðbeiningar sem ætlað er að einfalda starfsmönnum og stjórnendum mat á þeim störfum sem um ræðir og skýra nánar þau hugtök sem máli skipta við tilkynningu um aukastarf.

Gert er ráð fyrir að kerfið verði tilbúið á næstu vikum og verði aðgengilegt á innri vef spítalans. Umtalsvert kynningastarf mun fara fram innan allra eininga spítalans samhliða lokafasa verkefnisins.

# Verkefnagátt Landspítala
## - Fyrir umsýslu verkefna




**Sandra Gestsdóttir**
Deildarstjóri
Verkefnastofu

Verkefnagátt er miðlægt verkefnasafn Landspítala og heldur utan um skráð verkefni frá upphafi til enda, svo sem verkefnalýsingu, framvinduskráningu og niðurstöðu.

Verkefnastofa birtir mánaðarlega stöðuskýrslu fyrir helstu verkefni, samþykktir verkefnaráðs og fréttir mánaðarins. Einnig eru nú birtir mánaðarlegir pistlar um faglega verkefnastjórnun eða málefni sem því tengjast. Pistill mánaðarins fjallar um góða verkefnamenningu og þroskaferli verkefnastofu og hægt að lesa hann hér.

Markmið Verkefnastofu er að veita góða þjónustu til okkar kollega þegar kemur að verkefnavinnu og verkefnarekstri. Ykkar endurgjöf er nauðsynleg fyrir vöxt í starfi, þroska verkefnastofu, þróun Verkefnagáttar og annarra innviða fyrir verkefnastjórnun. Við biðjum ykkur að svara árlegu þjónustukönnun verkefnastofu með því að fylgja þessum hlekk eða skanna QR kóðann. Við þökkum þér kærlega fyrir þátttökuna.

Þú kemst inn í Verkefnagátt í gegnum stoðgátt og af forsíðu innri vefs.




*Skannaðu QR kóðann til að taka þátt í könnuninni*

# Könnuðu algengi þrýstingssára



**Hulda Margrét Valgarðsdóttir**
Miðlægur verkefnastjóri

Þann 30. október sl. fóru um 55 klínískir starfsmenn á vefrænar legudeildir Landspítala til að safna gögnum fyrir gæðakönnun tengda þrýstingssárum. Húð sjúklinga var metin m.t.t. þrýstingssára. Einnig var rýnt í þann búnað sem sjúklingar nota, s.s. dýnur og sessur, ásamt því að farið var yfir skráningar sem tengdust þrýstingssárum.

Þrýstingssár eru áverkar á húð og undirliggjandi vef sem myndast vegna staðbundins þrýstings eða álags. Þau geta verið allt frá roða á húð upp í djúpan vefjaskaða að beini. Þrýstingssár eru sjúklingum verulega íþyngjandi og gríðarlega kostnaðarsöm fyrir heilbrigðiskerfið. Hægt er að fyrirbyggja þau flest og því eru þau talin atvik og mælikvarði á gæði heilbrigðisþjónustu.



Umbætur í þrýstingssáravörnum eru afar mikilvægar enda eru sárin sjúklingum verulega íþyngjandi.

Þetta er í fimmta skipti sem þessi gæðakönnun fer fram með þessu sniði og hefur hún verið framkvæmd annað hvert ár frá 2017. Niðurstöður verða nýttar til að vinna að umbótum í þrýstingssáravörnum á Landspítala.




# Heilsugátt í SharePoint og Engage

## Átaksverkefni Heilsugáttar er enn í fullum gangi

Við höfum opnað nýja SharePoint síðu sem heldur utan um allar nýjustu upplýsingar um uppfærslur, breytingar og kennslumyndbönd í Heilsugáttinni.

Á sama tíma höfum við einnig opnað Viva Engage síðu með stuttum, hnitmiðuðum örmyndböndum og fróðleik um Heilsugáttina.

*Smelltu hér til að sjá nýju SharePoint síðuna eða skannaðu QR kóðann.*

*Frekari upplýsingar veita: Svava Dagný Árnadóttir svavad@landspitali.is og Bergur Ólafsson berguro@landspitali.is, verkefnastjórar Átaksverkefnis í Heilsugátt.*

# ÞJÁLFUNAR- OG TÆKJADAGUR SKUGG 2025

## - fagmennska, fræðsla og fjör



**Sigríður Bryndís Stefánsdóttir**
Forstöðuhjúkrunar-fræðingur



**Kolbrún Kristiansen**
Sérfræðingur í hjúkrun



Kennsla á ferðaöndunarvél.

Þann 17. október síðastliðinn hélt skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþjónusta Landspítala (SKUGG) sinn árlega þjálfunar- og tækjadag – dag sem hefur fest sig í sessi sem mikilvægur starfsdagur fyrir allt sviðið.

Þennan dag lögðust allir á eitt við að skapa svigrúm fyrir markvissa þjálfun, fræðslu og kynningu á nýjustu tækjum og búnaði sem notaður er á skurðstofum, vöknun, gjörgæslum, legudeildum og dag- og göngudeildum SKUGG.

Dagskráin þetta árið var afar metnaðarfull og fjölbreytt. Starfsfólk hafði tækifæri til að dýpka þekkingu sína, rifja upp verkferla og tækifæri til að æfa sig í notkun tækja við raunhæfar aðstæður.

### Fjölbreytt þjálfun og kennsla

Á skurðstofum og gjörgæslum var meðal annars boðið upp á kennslu á alls konar búnaði tengdum mismunandi aðgerðum, nálauppsetningum, kennslu á blóðhitara, BiPAP vélar og fleira. Þá var mikilvæg hermun á gátlistum tengdum hjartaskurðaðgerðum á skurðstofunum á Hringbraut – verkefni sem hafði verið undirbúið í þónokkurn tíma og þótti takast vel til.

Á vöknun í Fossvogi fór fram áhugaverð kennsla á tracheostomíu túbum með svínabarka, sem skapaði einstakt tækifæri til að æfa aðstæður sem annars gefast sjaldan.

Á legudeildum og göngudeildum var ekki síður líflegt. Þar var meðal annars boðið upp á fræðslu og þjálfun í notkun starfsmannaappsins, ferðaöndunarvéla, sárasuga, loftdýna og fleiri verkfæra sem nýtast í daglegu starfi.

Það var greinilegt að starfsfólk nýtti



Kennsla á nýja krapvél sem notuð er til að búa til ískrap sem notað er við líffæragjafir.



Kennsla á barkarraufarskurði á svínabörkum.

*Framhald á næstu síðu.* ▶

tækifærið vel, bæði til að fræðast og til að heimsækja aðrar einingar – sem stuðlar að samvinnu og betri yfirsýn á starfsemi sviðsins í heild.

## Málþing fagráða – faglegur hápunktur dagsins

Árlegt málþing fagráða hjúkrunar á SKUGG var haldið eftir hádegi sama dag á Hótel Hilton Nordica og var vel sótt að vanda en málþingið er opið öllum fagstéttum. Fagráð hjúkrunar innan SKUGG eru þrjú og hafa síðustu ár haldið sameiginlegt málþing til að lyfta fagmennsku, þétta raðirnar og auka samstarf og samvinnu á sviðinu.

Flutt voru erindi um þjónustu við aðgerðasjúklinga á þverfaglegum grunni svo sem um meðferð skurðsára, næringu eftir aðgerð, grunnþarfir sjúklinga, mikilvægi hjúkrunarrannsókna og nýtingu þeirra í klínísku starfi. Í lok dags sátu sérfræðingar í pallborði um þjónustu við sjúklinga með bráða verki á Landspítala. Mikil og þörf umræða skapaðist á meðal þátttakenda og greinilegt að umræðuefnin snertu marga á faglegum grunni.

## Árshátíð í Gullhömrum – gleði og samheldni

Að lokinni fræðsludagskrá hélt starfsfólk á árshátíð sviðsins í Gullhömrum, þar sem stemningin náði hápunkti. Árshátíðarnefndin hafði undirbúið kvöldið af miklum krafti og Þóra og Edda Dröfn deildarstjórar sáu um veislustjórn af stakri snilld.

Myndband kvöldsins vakti mikla lukku og þegar Páll Óskar steig á svið var dansgólfið fljótt að fyllast.



Kennsla og þjálfun við uppsetningu nála með ómtækni.



Fræðsla um hjúkrun sjúklinga eftir brottnám barkakýlis.



Fræðsla og kennsla á verkjalyfjadælur.

## Þakkir og eftirfylgd

Að lokum er ástæða til að færa forstöðumönnum fræðasviða og öllum þeim sem komu að undirbúningi og skipulagningu þjálfunar- og tækjadagsins og málþings á Hilton, kærar þakkir fyrir frábært starf. Skipulag dagsins bar vott um mikinn metnað, góða samvinnu og faglega nálgun.

Sérstakar þakkir fær einnig árshátíðarnefndin sem sá til þess að dagurinn endaði á hátíðlegum og gleðilegum nótum.

Þjálfunar- og tækjadagur SKUGG 2025 sýndi vel þann mikla metnað, fagmennsku og samvinnuanda sem einkennir starfsfólk sviðsins. Dagurinn er dæmi um hvernig samstillt átak starfsfólks getur skapað bæði lærdóm og gleði – og styrkt samheldni innan SKUGG enn frekar.



Sölvi Sveinsson, hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu, var fundarstjóri á málþinginu.




Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrun tauga- og taugaendurhæfingasjúklinga, hélt erindi á málþingi fagráða SKUGG.

# Alþjóðleg vika barnahjúkrunar

Í byrjun október var alþjóðleg vika helguð barnahjúkrun. Barnahjúkrunarfræðingar sinna allt frá fyrirburum að unglingum upp að 18 ára aldri, hvort sem börnin glíma við skammtíma veikindi, langvinna sjúkdóma, geð- og þroskaraskanir eða hvers kyns fatlanir. Umönnun barna krefst ekki aðeins faglegrar þekkingar, því barnahjúkrunarfræðingar þurfa líka að kunna að tengjast börnum og lesa í tilfinningar þeirra, láta börn finna fyrir öryggi og hlýju í oft erfiðum aðstæðum og síðast en ekki síst, sýna fjölskyldum barnanna stuðning og samkennd.
Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, leit við á Barnaspítala Hringsins og myndaði starfsfólk við hjúkrun.

Edda Garðarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku barna.

Elín Ögmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Vökudeild.







Edda Anika Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á barnadeild.



Ragnhildur Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur á barnadeild, og Ása Kjartansdóttir, hjúkrunarnemi í verknámi á barnadeild.



Salóme Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur á barnadeild.



# Miðlun upplýsinga um sjúklinga



**Aðalbjörg Guðmundsdóttir**
Persónuverndarfulltrúi
Landspítala

Trúnaður og vernd persónuupplýsinga sjúklinga eru grundvallarþættir í starfsemi Landspítala. Sjúklingar eiga skýlausan rétt á því að farið sé með upplýsingar um heilsufar og málefni þeirra af fyllstu varfærni og í samræmi við lög og reglur.

## Meginreglan: Engin miðlun án heimildar

Upplýsingum um sjúklinga má ekki miðla til aðila utan meðferðarteymis nema skýr lagaheimild liggi fyrir. Þetta á meðal annars við um miðlun upplýsinga til fjölmiðla, lögreglu (nema þegar sjúklingur er skilgreindur sem týndur einstaklingur), sendiráða, opinberra stofnana eða annarra heilbrigðisstarfsmanna sem ekki koma að meðferð sjúklingsins. Sama gildir um miðlun upplýsinga til fjölskyldumeðlima, vinnufélaga eða nágranna.

## Hvenær má miðla upplýsingum?

Starfsfólk í meðferðarsambandi við sjúkling getur veitt upplýsingar um líðan, staðsetningu eða málefni sjúklings þegar:

- *Sjúklingur hefur veitt samþykki.*
- *Aðstandandi er skráður og auðkenndur.*
- *Fyrir liggur dómsúrskurður eða lagaheimild, t.d. samkvæmt barnaverndarlögum eða farsældarlögum.*
- *Ætla má að sjúklingur myndi samþykkja miðlun, eða*
- *Til staðar er raunveruleg og alvarleg ógn við almannaheill.*

Starfsfólk utan meðferðarsambands má aðeins miðla afmörkuðum upplýsingum til skráðs aðstandanda, svo sem um staðsetningu eða tímasetningar og þá aðeins eftir örugga auðkenningu, t.d. í gegnum „Spurt“ í stoðgátt Heilsugáttar.

Rétt er að hafa í huga að þagnarskylda er meginreglan – undanþágur eru undantekning. Ef vafi leikur á um heimild til miðlunar skal ekki veita upplýsingar. Trúnaður og varfærni ganga því fyrir þar sem brot á reglum um trúnað við sjúklinga og persónuvernd geta leitt til áminningar í starfi. Þá ber spítalanum eftir atvikum að tilkynna slík brot til Persónuverndar, embættis landlæknis og jafnvel lögreglu.

## Örugg miðlun er skilyrði

Þegar heimild til miðlunar liggur fyrir þarf að gæta fyllsta öryggis:

- *Auðkenna skal viðmælanda áður en upplýsingar eru veittar munnlega eða í síma.*
- *Nota skal öruggar rafrænar gagnasendingar eða ábyrgðarpóst.*
- *Óheimilt er að nota hefðbundinn tölvupóst til miðlunar heilsufarsupplýsinga um sjúklinga.*

## Sameiginleg ábyrgð

Það er sameiginleg ábyrgð alls starfsfólks Landspítala að gæta þess að með upplýsingar um sjúklinga sé farið af fyllstu ábyrgð og í samræmi við lög og reglur. Starfsfólk er því hvatt til að kynna sér vel verklagsreglur sem gilda um miðlun upplýsinga um sjúklinga.



# Nokkur dæmi um stafræn framþróunarverkefni Landspítala



**Björn Jónsson**
Deildarstjóri á
Stafrænni framþróun

## Sjúklingar í meðferð erlendis – sendingar sjúkraskrárgagna

Unnið er að því að bæta flæði gagna og myndsendinga milli Landspítala og Sahlgrenska sjúkrahússins í Svíþjóð í tengslum við líffæragjafir og líffæraígræðslur. Markmið verkefnisins er að tryggja öruggar og tafarlausar sendingar gagna allan sólarhringinn. Landspítali er í tilraunaverkefni með SECTRA IEP kerfið, sem er notað víða til gagnasamskipta milli spítala. Væntingar eru um að lausnin stuðli að skilvirkari ferlum og dragi úr líkum á töfum eða truflunum í gagnaflutningi á mikilvægum stundum. Í dag er Hlaðan aðallega nýtt til gagnasamskipta við erlenda spítala þegar sjúklingar okkar fara þangað í meðferð.

## Rafrænir lyfjaskápar – stórbætt lyfjaöryggi

Lyfjaþjónusta mun innleiða lokað lyfjaferli með tilkomu tæknilausna í nýjum spítala, en rannsóknir sýna að lokað lyfjaferli geti fækkað lyfjatengdum atvikum um 50%. Rafrænir lyfjaskápar, sem eru liður í því ferli, verða á klínískum deildum þar sem hægt verður að taka til lyf með öruggari hætti samkvæmt lyfjafyrirmælum. Samhliða fæst yfirsýn yfir lyfjabirgðir á klínískum deildum. Til að opna lyfjaskáp auðkennir starfsmaður sig, velur sjúkling og lyf samkvæmt lyfjafyrirmælum og þá opnast einungis skúffur með réttum lyfjum. Stefnt er að því að kaupa fyrstu rafrænu lyfjaskápana á klínískar deildir á næsta ári til að byrja samþættingu og þróa verklag og notkun. Rafrænn lyfjaskápur hefur þegar verið innleiddur í sjúkrahúsapótekið fyrir eftirritunarskyld lyf til að hefja þessa vegferð.

## Nýjar öndunarvélar – tenging við nýtt hermisetur

Í síðustu viku hófst innleiðing á nýjum BPAP öndunarvélum, sjá nánar. Þetta er í fyrsta sinn við innkaup og innleiðslu nýrra lækningatækja sem ný aðstaða færni- og hermiseturs Landspítala og HÍ (HermÍs) er nýtt til kennslu og prófana fyrir starfsfólk. Í útboðinu var gert ráð fyrir tveimur kennsluvélum fyrir HermÍs í Eirberg, og fór kennsla á vélarnar þar fram. Samstarfið við HermÍs mun vafalítið reynast afar gagnlegt við framtíðar endurnýjun lækningatækja. Góð innleiðing er lykilþáttur í endurnýjun lækningatækja, og er HermÍs kjörinn vettvangur til að kenna á ný tæki í öruggu umhverfi. Sjá áhugavert myndband um HermÍs.

*Ef þið óskið frekari upplýsinga endilega hafið samband við okkur á HUT.*

# Ný mælaborð um starfsemi og rekstur




**Bryndís Guðmundsdóttir**
Deildarstjóri hagdeildar

Eins og flestum er kunnugt leggur Landspítali mikla áherslu á mikilvægi gagna við stjórnun og rekstur. Hagdeild vill því vekja athygli á Power-BI mælaborðum sem nú eru aðgengileg öllum stjórnendum, og öðrum þeim sem eru með fullt Microsoft Office leyfi. Mælaborðin hafa að geyma talsvert ítarlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi deilda og sviða og eru mjög gagnleg hjálpartæki. Þau eru aðgengileg frá heimasíðu spítalans og beint frá Heilsugátt og Stoðgátt.


Fyrir fáum árum síðan var tekin ákvörðun um að innleiða notkun á Microsoft Power-BI gagnagreiningartólinu á Landspítala. Hagdeild var þá falið það verkefni að hanna og innleiða þrjú mælaborð fyrir stjórnendur, eitt um fjármál, annað um mannauð og það þriðja um klíníska starfsemi. Þessi mælaborð eru í dag öll útgefin þótt nýjungar séu stöðugt að bætast við þau. Þar fyrir utan eru nokkur fleiri mælaborð aðgengileg svo sem mælaborð yfir verkefnaskrá verkefnastofu, yfir biðlista og tilvísanir (B&T) og yfir skráningu í sjúkraskrá tengt DRG flokkun, svo eitthvað sé nefnt. Hagdeild vill nota tækifærið og hvetja alla þá sem hafa aðgang að þessum mælaborðum að kynna sér þau vel og gefa sér tíma til að skoða t.d. það sem snýr að starfseiningu hvers og eins, því þar er hægt að fá góða og heildstæða mynd af starfsemi og rekstri deilda.

## Mannauðsmælaborð og fjárhagsmælaborð

Hér er hægt að skoða gögn allt frá sviðum niður á einstaka deild og/eða kostnaðarviðfang, yfir valið tímabil með samanburð við svið og/eða spítalann í heild. Í mannauðsmælaborði er hægt að velja ýmsar skýrslur s.s. dagvinnustöðugildi, veikindi, fjarvistir, yfirvinnu og ráðningar svo eitthvað sé nefnt. Í fjárhagsmælaborði er að finna nýjasta fjárhagsuppgjör með samanburð við áætlun og fyrra ár sem og launagreiningu. Um margar deildir er að ræða og því mikilvægt að þrengja sína leit í þar til gerðum leitarramma.




Mannauðsmælaborð/Dagvinnustöðugildi:




Starfsemismælaborð/Leguþjónusta:

## Starfsemismælaborð

Hér er mjög ítarlegt yfirlit yfir klíníska starfsemi og má segja að þetta mælaborð leysi af hólmi starfsemisupplýsingar sem hagdeild hefur gefið út mánaðarlega frá síðustu aldamótum eða svo. Þetta mælaborð skiptist í: Flæði, ferliþjónustu, leguþjónustu, skurðaðgerðir og myndgreiningu sem er nýjasta viðbótin. Óhætt er að segja að starfsemismælaborðið hafi slegið í gegn en all margir stjórnendur notfæra sér einhvern hluta þess daglega. Hér gildir það sama og í öðrum mælaborðum að notandi velur sjálfur tímabil til skoðunar sem og hvort horfa eigi á svið, deildir eða annað. Sem dæmi er hægt að skoða fjölda lega og dvala, legudaga, fjölda rúma, rúmanýtingu, innlagnarstig, atvik, sjúklingaflokkun og fleira úr leguþjónustu. Svipað má sjá um ferliþjónustuna.

*Skurðaðgerðir* er hugsað fyrir þá sem starfa innan skurðlækninga, skurðstofa, svæfinga- og/eða gjörgæsludeilda og sýnir ýmsar upplýsingar um framkvæmdar aðgerðir, tímalínu aðgerða, frávik, þróun biðlista og biðtíma svo eitthvað sé nefnt.

Mælaborð *myndgreininga* er opið öllum. Það sýnir ýmislegt um bókaðar og framkvæmdar myndgreiningarannsóknir, meðaltíma rannsókna, ýmsar aðrar tímavörður og fleira. Í vinnslu eru sambærileg mælaborð fyrir *klíníska lífefnafræði*, *sýkla-, veiru- og ónæmisfræði* og *Blóðbankann.*

Hér hefur sannarlega verið lyft Grettistaki í að gera töluleg gögn um starfsemi og rekstur aðgengilegri fyrir starfsmenn en áður og er það von þeirra sem að þessu hafa komið að sem flestir öðlist færni í að nota nýju mælaborðin. Hér er það æfingin sem skapar meistarann en starfsmenn hagdeildar eru boðnir og búnir að aðstoða þá sem þess þurfa. Senda má erindi á netfangið hagdeild - fyrirspurnir@landspitali.is. Eins má benda stjórnendum á námskeið innan Stjórnendaþjálfunar: Þjónustutengd fjármögnun/DRG og rafrænar stjórnendaupplýsingar sem verður haldið næst þann 25. nóvember, 2025 (sjá námskrá Eddunnar) en þar er m.a. farið yfir helstu mælaborðin, hvar má nálgast þau og hvernig er hægt að vinna með þau.

# Alþjóðlegur dagur gigtar

Þann 12. október var alþjóðlegur dagur gigtarsjúkdóma. Á göngudeild gigtar á Landspítala fer fram greining gigtarsjúkdóma og eftirfylgd flóknari tilfella. Ýmis próf og mælingar eru liður í greiningarferli gigtarsjúkdóma, t.d. ómun á liðum, æðum í höfði, naglabandaskoðun og mælingar á tára- og munnvatnsframleiðslu. Á deildinni fer einnig fram meðferð gigtarsjúkdóma sem getur m.a. verið með lyfjagjöf í æð. Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, leit við á dag- og göngudeild gigtar á Eiríksstöðum og tók nokkrar myndir af starfseminni.

Hrefna Dóra Jóhannesdóttir sjúkraliði framkvæmir mælingu á táramyndun (Schirmer´s próf), sem er liður í greiningu á Sjögren's sjúkdómi.



Margrét Sólveig Sigurðardóttir sjúkraliði tekur lífsmörk hjá skjólstæðingi í lyfjagjöf.



Pétur Jónsson gigtarlæknir framkvæmir naglabandaskoðun (capillaroscopia).



Alda Kristín Guðbjörnsdóttir sérnámslæknir, Bjarni Þorsteinsson gigtarlæknir og Hrefna Dóra Jóhannesdóttir sjúkraliði á göngudeild gigtar.



Ólöf Elmarsdóttir hjúkrunarfræðingur setur upp lyfjapoka. Á dag- og göngudeild gigtar fer fram meðferð gigtarsjúkdóma sem getur m.a. verið með lyfjagjöf í æð. Þar fer einnig fram lyfjagjöf í æð fyrir aðra sjúklingahópa frá öðrum sérgreinum.



# Norræn hjúkrunarráðstefna um blóðfrumumeðferðir

Norræn hjúkrunarráðstefna um blóðfrumumeðferðir (Nordic Blood and Transplant Nurses, NBMT2025) fór fram í Reykjavík dagana 6.–7. nóvember. Ráðstefnan var vel sótt en um 120 hjúkrunarfræðingar frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi tóku þátt.

Aðaláhersla ráðstefnunnar var á blóðfrumumeðferðir, stofnfrumumeðferðir og CAR-T meðferð, en sú síðastnefnda er í hraðri þróun í blóðlækningum í dag. Auk þess var sjónum beint að öðrum mikilvægum þáttum í hjúkrun sjúklinga með illkynja blóðsjúkdóma og krabbamein, svo sem sálfélagslegri þjónustu, endurhæfingu og heildrænni umönnun.

Fyrirlesarar voru þverfaglegir og komu úr ólíkum fagstéttum: hjúkrunarfræðingar, læknar, sálfræðingur, iðjuþjálfi og tannlæknir. Þá flutti sjúklingur áhrifaríkt erindi um eigin reynslu af veikindum og meðferð, sem gaf þátttakendum innsýn í upplifun og þarfir sjúklinga.

Ráðstefnan markaði mikilvægt skref í áframhaldandi samstarfi Norðurlandanna og stuðlaði að aukinni þekkingu og sameiginlegri þróun á sviði blóðhjúkrunar og krabbameinsmeðferða. Ráðstefnan var skipulögð í samvinnu við Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga.

# Alþjóðlegur dagur læknisfræðilegrar eðlisfræði

Alþjóðlegur dagur læknisfræðilegrar eðlisfræði var föstudaginn 7. nóvember. Af því tilefni var haldið málþing í Hringsal um hlutverk og ábyrgð læknisfræðilegra eðlisfræðinga í heilbrigðisþjónustu.

Læknisfræðilegir eðlisfræðingar gegna lykilhlutverki í öruggri og nákvæmri notkun geislunar í læknisfræði. Á Landspítala starfa þessir sérfræðingar meðal annars á geislameðferðar- og myndgreiningardeildum þar sem þeir tryggja að tæki, verklag og meðferðir séu í hæsta gæðaflokki og að öryggi sjúklinga og starfsfólks sé ávallt í fyrirrúmi.



# Vinnusparnaður og auknir rannsóknarmöguleikar með A-ONE hugbúnaðinum



**Ylfa Árnadóttir**
Samskiptateymi
Landspítala

Í lok ágúst birtist í tímaritinu Brain Sciences grein þar sem einn aðalhöfundanna er Guðrún Árnadóttir, doktor í iðjuþjálfafræðum sem hefur starfað um árabil sem sérfræðingur í iðjuþjálfun á Grensásdeild Landspítala auk þess að hafa umsjón með þróunar- og rannsóknarvinnu iðjuþjálfa.

Greinin, ADL-Focused Occupation-Based Neurobehavioral Evaluation Software: Addition of a Rasch-Based Stroke Subscale to Measure Outcomes, byggir á gögnum sem eru fengin með A-ONE matstækinu sem Guðrún þróaði í tengslum við meistararitgerð sína við Suður-Kaliforníu háskóla á níunda áratug síðustu aldar. Ritgerðin var gefin út í bók og í kjölfarið þróaðist A-ONE í að verða matstæki sem hefur verið þýtt á sex tungumál og notað af iðjuþjálfum í yfir tuttugu löndum. A-ONE nýtist við að meta færni einstaklinga með taugaeinkenni við framkvæmd athafna daglegs lífs (ADL) og áhrif taugaeinkenna á færnina. A-ONE mun vera fyrsta matstækið sem er þróað til að meta samtímis framkvæmd iðju og einkenni sem draga úr framkvæmdafærni.

## Einblínt á þróun heilablóðfallsmælikvarða A-ONE

Greinin í Brain Sciences segir frá fjórum rannsóknum sem Guðrún og meðhöfundar hennar framkvæmdu og tengjast þróun hugbúnaðar sem breytir lýsandi raðkvarða stigum heilablóðfallskvarða A-ONE, sem er einn af nokkrum undirkvörðum A-ONE, í jafnbila mælieiningar. Þá var athugað hvað felst í íhlutun iðjuþjálfa fyrir heilablóðfallssjúklinga og hvort hún teljist iðjumiðuð. Til að sýna fram á notkunarmöguleika hugbúnaðarins voru síðan skoðuð gögn sem iðjuþjálfar Grensásdeildar höfðu skráð árið 2024 með A-ONE hugbúnaðinum fyrir og eftir íhlutun, til að athuga hvort hugbúnaðurinn gæti numið tölfræðilega marktækar breytingar.



Guðrún Árnadóttir, doktor í iðjuþjálfafræðum.

Að sögn Guðrúnar er í greininni fjallað um A-ONE matsferlið og óvenjulega notkun svokallaðrar Rasch greiningar með tveimur líkönum við uppbyggingu mælikvarða. „Töluverður vinnusparnaður leiðir af notkun A-ONE forritsins fyrir klíníska iðjuþjálfa og því fylgja auknir rannsóknarmöguleikar. Upplýsingar um eðli íhlutunar iðjuþjálfa eru einnig nákvæmari í greininni en tíðkast hefur," segir Guðrún.

## Snýst um að ná til þeirra sem geta nýtt sér efnið

Guðrún hefur áður fengið fjölmargar greinar birtar í ritrýndum tímaritum og er hógvær þegar hún er spurð hvort það sé ekki mikill heiður að fá grein birta í Brain Sciences. „Að mínu mati snýst þetta ekki um heiður heldur um það hvort sú vinna sem verið er að vinna skili sér til þeirra sem á henni þurfa að halda eða geta notfært sér hana."

# Iðjuþjálfun í verki

Alþjóðlegur dagur iðjuþjálfunar er haldinn þann 27. október ár hvert og í ár var yfirskrift dagsins „iðjuþjálfun í verki.“ Á spítalanum starfa tæplega 30 iðjuþjálfar á átta starfsstöðvum og sinna fólki á öllum aldri. Ljósmyndari Landspítala, Þorkell Þorkelsson, heimsótti iðjuþjálfara í Fossvogi.

1



Í iðjuþjálfun felst sérþekking á iðju í samhengi við heilbrigði og velferð. Þar er átt við allt það sem fólk innir af hendi í hversdeginum í þeim tilgangi að annast sig og sína, vinna ýmis störf sem koma að gagni í samfélaginu og njóta þess sem lífið hefur að bjóða.

2



Dæmi um iðju eru að klæða sig og snyrta, útbúa mat, aka bíl, afgreiða í verslun, skrifa ritgerð, fara á skíði eða mála mynd. Þótt þessi viðfangsefni virðist sjálfsögð og einföld fyrir flest, þá geta þau verið erfið og jafnvel óyfirstíganleg fyrir þau sem búa við skerðingar á færni eða hindranir og tækifærisleysi í umhverfi sínu.

3



Ástæður iðjuvanda eru margvíslegar og ávallt er horft til samspils iðju, einstaklings og umhverfis. Hægt er að nefna ódæmigerðan taugaþroska, sjúkdóma, andlegar áskoranir og áföll, fötlun eða hrumleika vegna öldrunar.

4



Iðjuvandi skapast þegar færni er skert eða ef umhverfið takmarkar möguleika fólks til iðju og þátttöku. Oft er fyrsta skrefið til að styðja og efla færni fólks og þátttöku, einfaldlega að breyta aðstæðum. Sem dæmi má nefna að bæta aðgengi hjólastólanotenda með því að koma upp römpum við verslanir.

5



Þegar erfiðleikar koma upp sem hafa áhrif á daglega iðju fólks, kemur þekking iðjuþjálfa að góðum notum. Markmiðið er að viðkomandi auki færni sína, sjálfstæði og þátttöku.

6




Í samstarfi við skjólstæðinginn er gert nákvæmt mat á getu og áhuga, iðju hans og aðstæðum. Stöðluð og gagnreynd matstæki eru notuð til að greina iðjuvandann og áhrif umhverfisins.

7



Þjálfun getur falist í því að vinna með eiginleika sem eru nauðsynlegir til að inna ákveðin verk af hendi. Þetta getur verið hreyfing, skynjun, hugarstarf eða tilfinningalíf og félagsleg samskipti.

8



Kannað er hvort hjálpartæki eða breytingar á húsnæði þurfi til að auka færni og þátttöku viðkomandi. Stundum þarf að endurskipuleggja húsnæði þannig að skjólstæðingur komist um með göngugrind eða að kenna foreldrum að nýta sér hjálpartæki til að annast barn með hreyfihömlun.

9




Algengt er að iðjuþjálfar starfi með hópum og veiti fræðslu og ráðgjöf sem snýr að breyttum lífsháttum, svo sem til að sporna við vinnuálagi, breyta vinnuaðstöðu og hafa stjórn á streitu í daglegu lífi.

10



Þá er horft til þeirra grunnþátta sem skipta öllu máli fyrir heilsu og lífsgæði: Svefns, næringar, hreyfingar og félagslegra tengsla auk þess að gera fólki kleift að geta stundað þá iðju sem þeim er mikilvæg.

11



Langvarandi iðjuvandi hefur veruleg áhrif á lífshlaup einstaklinga þar sem hann dregur úr heilbrigði og lífsgæðum fólks auk þess að bitna á tækifærum til þátttöku í samfélaginu.



# SÝKLALYFJADAGUR

## Fræðsludagur sóttvarnalæknis

**Tími**: Þriðjudagur 18. nóvember kl. 13:00-15:00
**Staðsetning**: Hrafnista Sléttuvegur 25, 103 Reykjavík (einnig á Teams)
**Fundarstjóri**: Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir

## DAGSKRÁ

**13:00 - 13:20**
**Sýklalyfjanotkun, sýklalyfjaónæmi og aðgerðaráætlun**
Anna Margrét Halldórsdóttir, yfirlæknir, sóttvarnasvið, embætti landlæknis

**13:20 - 13:40**
**Niðurstöður ECDC HALT-4 rannsóknar og lærdómur**
Steinunn Þórðardóttir, framkvæmdstjóri lækninga á Hrafnistu

**13:40 - 14:00**
**Klínískar leiðbeiningar þvagfærasýkingar hjá hrumu eldra fólki**
Ólafur Helgi Samúelsson, framkvæmdastjóri lækninga á Eir

**14:00 - 14:20**
**Kaffihlé**

**14:20 - 14:40**
**Sýkingavarnir og ónæmar bakteríur á hjúkrunarheimilum**
Bjarney Sigurðardóttir, sýkingavarnastjóri á Hrafnistu
Sigríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri gæða- og fræðslusviðs á Grund

**14:40 - 15:00**
**Sýklalyfjagæsla á hjúkrunarheimilum**
Jón Steinar Jónsson, yfirlæknir gæðaþróunar, Þróunarmiðstöð Íslenskrar Heilsugæslu
Már Egilsson, heimilislæknir og Strama tengiliður, Heilbrigðisstofnun Austurlands

*Hámarksfjöldi í sal verður 100 manns. Ekkert þátttökugjald.*
*Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 14.11.2025 með tölvupósti á netfangið juliana.hedinsdottir@landlaeknir.is.*
*Vinsamlegast takið fram hvort þið hyggist mæta á staðinn eða tengjast fundi í streymi (hlekkur sendur í tölvupósti).*
*Stefnt er að því að hafa upptöku aðgengilega á vef embættis landlæknis og samfélagsmiðlum eftir fundinn.*

Evrópudagur vitundarvakningar um sýklalyf
Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir




# Kraftur, gleði og samstaða

Nokkrar konur á Landspítala komu saman fyrir kvennaverkfallið og byrjuðu daginn á að mála skilti. Mikill kraftur var í hópnum og þegar skiltin voru tilbúin var gengið saman niður í miðbæ, gengið í gegnum sögu kvenna í sögugöngu og síðan haldið á fundinn. Stemningin var dásamleg, full af orku, gleði og samhug. Dagurinn minnti á mikilvægi þess að standa saman fyrir jafnrétti, bæði á vinnustaðnum og í samfélaginu.












# Þakklæti við starfslok

*Þetta góða fólk starfaði á Landspítala í um og yfir 20 ár á hinum ýmsu deildum og lætur nú af störfum vegna aldurs. Landspítali þakkar þeim góð störf og óskar þeim velfarnaðar í þeim lífsins verkefnum sem framundan eru.*



**Arndís Bjarnadóttir**
Sjúkraþjálfari



**Berglind Helgadóttir**
Sjúkraþjálfari



**Bjarney Kolbrún Garðarsdóttir**
Heilbrigðisritari



**Guðrún Árnadóttir**
Iðjuþjálfi



**Harpa Hrönn Sigurðardóttir**
Sjúkraþjálfari



**Rikka Mýrdal Einarsdóttir**
Hjúkrunarfræðingur



**Sigríður Kristín Tryggvadóttir**
Hjúkrunarfræðingur

## Rannsókn á starfsumhverfi sjúkraliða

Sjúkraliðar á Landspítala hafa nú fengið senda rannsókn á starfsumhverfi þeirra í tölvupósti (Landspítalanetfang).

Rannsóknin er framkvæmd af Sigrúnu Gunnarsdóttur, prófessor við viðskiptafræðideild HÍ, Eygló Ingadóttur, verkefnastjóra á Landspítala, Ólafi G. Skúlasyni, framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala, og Helgu Bragadóttur, prófessor við hjúkrunarfræðideild HÍ.

Rannsókn sem þessi gefur upplýsingar um mat sjúkraliða á mikilvægum þáttum starfsumhverfisins s.s. líðan, stjórnun og gæðum þjónustunnar. Niðurstöður geta nýst stjórnendum Landspítala til að greina tækifæri til að bæta starfsumhverfið og eru framlag til þekkingarþróunar um heilbrigt starfsumhverfi sjúkraliða.

Við hvetjum sjúkraliða til að taka þátt í rannsókninni.



LANDSPÍTALI

Útgefandi: Samskiptateymi Landspítala | Ljósmyndir: Þorkell Þorkelsson | Ábendingar um efni í Spítalapúlsinn: samskiptateymi@landspitali.is